



Bls. 6



Allt um samningana

Bls. 14



Alltaf jafn skemmtilegt

Bls. 28



Hef náð langt á eigin verðleikum

Allt að 15,05% vextir



Frábærir

vextir á sparnaðinn þinn!

SPRON Viðbót

– allt að **15,05%** vextir*

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON Viðbót

– allt að **7,95%** vextir*

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

SPRON Veltubót

– allt að **14,59%** ársávöxtun*

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Þú getur stofnað reikning
á **spron.is**

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi,
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 11. febrúar 2008.





Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Práinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur P. Jónsson
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lís Terrazas
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Fjöla Jónsdóttir
Guðmundur P. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hallsteinn Friðbjósson
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Oddný Einarisdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Ragnheiður Baldursdóttir
Sigurður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Práinn Hallgrímsson

Starfsafl

Sveinn Aðalsteinsson
Valdís Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Stanislaw Bukowski verðandi stjórmaður í Eflingu

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501
www.effling.is
Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

Prófsteinn kjarasamninganna

Nýgerðir kjarasamningar bera það með sér að þeir eru gerðir við mjög þröngar aðstæður. Í haust gerðu stéttarfélagin við Flóann viðhorfskönnun sem sýndi ótvírætt að fólk vildi leggja áherslu á að hækka lægri launin þó það þýddi minni kauphækkanir fyrir aðra. Það er nákvæmlega þessi grunnhugsun kröfugerðarinnar sem okkur tókst að ná fram. Þeir fá mest sem setið hafa eftir gagnvart launskriði undangenginna ára.

Hitt megin stefnið var að sérstaklega yrði reynt að lækka skatta hjá þeim fjölmörgu sem hafa tekjur undir 300 þúsund krónum. Því miður gekk það ekki eftir að því marki sem við vildum. Vissulega skiptir 20 þúsund króna hækkun á persónuafslætti máli fyrir fólk. Hækkun barnabóta og að dregið er úr eignatengingu vaxtabóta getur líka haft mikil áhrif á ráðstöfunartekjur.

Það er síðan umhugsunarefni hvernig skattatillögur sem ná til allra tekjulægstu hópanna geta orðið umdeildar sérstaklega þegar það er haft í huga að ekki er deilt um þá staðreynd að skattabyrði þessa hóps hefur verið að aukast. Það var auðvitað sorglegt að ríkisstjórnin hafði ekki kjark eða vilja til að gera grundvallarbreytingar á tekjuskattskerfinu þeim í vil sem minnst bera úr bytum. En 20 milljarða kostnaður ríkissjóðs af kjarasamningunum sem rennur að mestu til þeirra sem mest þurfa á stuðningi að halda er árangur sem ekki ber að vanmeta.

Mælikvarðinn á það hvort kjarasamningar nái tilætluðum árangri kemur oft ekki í ljós fyrr en síðar. Það á ekki síst við um þennan kjarasamning. Eitt megin markmið þessa samnings er að ná verðbólgunni niður í skrefum og helst á svipað stig og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Ef það tekst ekki þá blasir við annar og kaldari veruleiki. Það er einmitt ein stoð þessa samnings að ef verðbólgan lækkar ekki eða kaupmáttarþróun er ekki viðunandi þá geta aðilar samið um viðbrögð hvort sem er að segja upp samningnum eða framlengja hann með ásættanlegum niðurstöðum fyrir báða aðila.

Af þessum sökum er það óskynsamlegt að fagna þessum samningi eins og hann sé alveg einstakur. Það ber fremur að skoða hann sem hluta af röð samninga sem hafa haft það að meginmarkmiði að auka eða viðhalda kaupmáttaraukningu. Hann er afrek af því leyti að í mjög erfiðri stöðu tókst að ná fram góðum kjaralegum og skattalegum leiðréttingum fyrir stóra hópa í þjóðfélaginu. En hinn eiginlegi prófsteinn á samningana er eftir. Á honum byggist hvort okkur tekst að ráða við verðbólguna, lækka vextina og skapa grunn áfram að stöðuleika kaupmáttar. Hér er krafa okkar sú að allar stéttir, fyrirtæki, sveitastjórnir og ríkisstjórn sýni ábyrgð. Þessum samningi er ekki ætlað að teppaleggja leiðina að betri kjörum fyrir aðra í þjóðfélaginu.

Þess vegna biðjum við nú félagsmenn okkar að koma með okkur í þessa vegferð. Við biðjum um stuðning við þennan kjarasamning því við trúum því að hann geti verið gott skref áfram til meiri jöfnuðar og réttlætis í þjóðfélaginu.

*Með baráttukveðju, Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags*

EFNISYFIRLIT

Nýir kjarasamningar	6	Hverjir í kynnisferðir?	25
Árangur við erfiðar aðstæður	12	Ekki velkomnar sem manneskur	26
Launahækkun og aukin virðing	13	Hef náð langt	28
Alltaf jafn skemmtilegt	14	Að tjá mig á íslensku	29
Styrkir og krabbameinsskoðun	16	Hvað er erfiðast við að flytjast til Íslands	30
Bílprófið styrkt í fyrsta sinn	17	Áfall fyrir Svía	34
Sumarhús og landskiki í sveit	18	Stefnir á rafíðnaðarmanninn	38
Lesblindunámskeið	20	Orlofsblaðið	41
Verulega hækkun	22	Vegabréfið	46

Til félagsmanna stéttarfélaga Flóabandalagsins

22. febrúar 2008

Ágæti félagi,

Sunnudagskvöldið 17. febrúar sl. undirrituðum við nýjan kjarasamning fyrir hönd stéttarfélaganna Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans. Samningsdrögin höfðu áður verið samþykkt í stóru samninganefnd stéttarfélaganna.

Samningar tókust eftir nær fimm mánaða vinnu. Þar sem samningurinn er gerður í skugga hárrar verðbólgu og vaxandi erfiðleika í efnahagsmálum, teljum við að náðst hafi ásættanlegur árangur í flestum atriðum.

Við náðum fram flestum af markmiðum okkar og kröfum og ljóst er að lengra var ekki hægt að ná án átaka.

Hér fara á eftir helstu atriði sem fylgja kjarasamningnum og biðjum við þig að kynna þér vandlega um hvað var samið áður en þú tekur afstöðu til samningsins.

Helstu ávinningar samningsins eru eftirfarandi

- Launataxtar á almennum markaði hækka á bilinu 24-32% eða um kr. 38.000.- á samningstímanum.
- Tekjutrygging fyrir fullt starf á mánuði hækkar um 32%.
- Með hækkandi launatölum taxta hækkar öryggisnet þeirra sem liggja utan taxtakerfis kjarasamninganna.
- Með forsenduákvæðum kjarasamningsins er tryggt að standist hann ekki forsendur kaupmáttar og verðbólguviðmið er hægt að segja samningnum upp eða framlengja ella.
- Mikill árangur náðist í orlofsmálum en þar lengist hámarksorlofið úr 28 dögum í 30 daga á samningstímanum.
- Réttur foreldra til fjarveru á launum vegna veikinda barna er bættur.
- Starfsmannaviðtöl á vinnustað þínum geta hjálpað þér að fá viðtöl um launakjör þín.
- Lagður er grunnur að áframhaldandi uppbyggingu menntunar félagsmanna með verulegri hækkun fræðslusjóðsgjalds atvinnurekenda og sérstöku framlagi stjórnvalda sem nemur 300 milljónum króna.
- Nýr endurhæfingarsjóður verður öflug stoð til að takast á við vaxandi örorku og styðja þá sem lenda í skertri vinnugetu til áframhaldandi starfa á vinnmarkaði.
- Umtalsverðar hækkanir verða á tryggingafjárhæðum í slysaftryggingum launafólks.
- Mikilvæg nýmæli eru til að herða baráttuna fyrir jafnri stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði varðandi starfsþróun og launamál.
- Af hálfu stjórnvalda koma aðgerðir í skattamálum, hækkun skattleysismarka og barnabóta auk rýmkunar á eignatengingu vaxtabóta til með að hafa áhrif á ráðstöfunartekjur launafólks.

Helsta markmið þessa kjarasamnings er að verja kaupmátt og tryggja stöðugleika.

Við vonumst til að þegar þú hefur kynnt þér samninginn, þá sértu sammála okkur um kosti þessa samnings.

Mest er um vert að þú takir þátt í atkvæðagreiðslunni og sýnir afstöðu þína til samningsins.

Við viljum hvetja þig til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni og samþykkja samninginn.



Fh. Eflingar


Sigurður Bessason

OFNÆMI... NEI TAKK



ENNEW / SIA / NV30022



ÞESS VEGNA INNIHALDA NÝJU BARNAVÖRURNAR FRÁ NEUTRAL ENGIN ILMEFNI EÐA ÓNAUÐSYNLEG VIÐBÓTAREFNI

Þriðjungur allra barna á það á hættu að fá ofnæmi. Notkun ilmefta og ónauðsynlegra viðbótarefna eykur þá hættu. Neutral vill ekki stuðla að ofnæmi. Þess vegna innihalda nýju barnavörurnar frá Neutral engin aukaefni og eru allar heilbrigðisvottaðar í samstarfi við astmasérfræðinga. Það er framlag Neutral til heilbrigðrar húðar.



Neutral vörur
eru vottaðar af
dönsku astma- og
ofnæmisáðilunum.

Neutral
verndar viðkvæma húð



Vilmundur Jósefsson, varaformaður SA, Sigurður Bessason formaður Eflingar og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA eru tilbúnir að undir nýjan kjarasamning

Nýir kjarasamningar til þriggja ára

Veruleg hækkun lægri launa

Launataxtar Flóafélaganna á almennum markaði hækka með nýjum kjarasamningum á bilinu 24 til 32% eða samtals um 38.000,- kr. á samningstímanum. Þannig hækka laun þeirra umtalsvert sem setið hafa eftir í launaskriði undanfarinna missera og öryggisnet þeirra sem liggja hærra en taxtakerfið er tryggt. Almenn 30 daga orlof næst í fyrsta sinn á almennum markaði. Nýr endurhæfingarsjóður markar ný spor í baráttunni við örorkuna. Í samningnum er það mikið fagnaðarefni að tekist hefur að auka slysstryggingar og geta grunnfjárhæðir örorkubóta nú numið rúmlega 31 milljón króna. Samkomulag varð um nýjar leiðir til að jafna stöðu kynjanna varðandi ráðningar, starfsþróun og laun. Hækkun skattleysismarka verður um kr. 20.000,-

Þannig hækka laun þeirra umtalsvert sem setið hafa eftir í launaskriði undanfarinna missera og öryggisnet þeirra sem liggja hærra en taxtakerfið er tryggt

á samningstímanum að raungildi. Veruleg hækkun verður á barnabótum og rýmkun á eignatengingu vaxtabóta. Einnig náðist samkomulag um verulegt átak í menntun þeirra sem minnsta menntun hafa og starfsmenntagjald atvinnurekenda verður hækkað til að standa undir aukinni menntun. Nánar verður greint frá þessum atriðum hér á eftir.

Gildistími og afturvirkni

Samningurinn er afturvirkur til 1. febrúar 2008 og gildir til 30. nóvember 2010.

Taxtahækkanir launa á samningstímanum

Kjarasamningarnir fela m.a. í sér hækkun almennra launataxta um kr:

- 18.000,- 1. febrúar
- 13.500,- 1. mars 2009
- 6.500,- 1. janúar 2010

Við það er miðað að nýjar launatöflur taki gildi á hverju ári og ekki er gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka álagsgreiðslur á móti taxtbreytingunni.

Launaþróunartrygging

1. febrúar 2008 kemur inn launaþróunartrygging. Í henni felst að þeir sem verið hafa í starfi hjá sama atvinnurekanda og hafa ekki fengið að lágmarki 5,5% launahækkun frá 2. janúar 2007 til undirritunar samninga fái það sem á vantar. Ennfremur er ákvæði fyrir þá sem skipt hafa um starf fram til 1. september 2007. Þá er hækkunin 4,5%.

Á árinu 2009 verði launaþróunartryggingin 3,5% með sömu skilmálum. Starfsmaður sem hefur skipt um starf á tímabilinu skal fá grunnhækkun án frádráttar nema um annað hafi verið samið við ráðningu.

1. janúar árið 2010 verður almenn launahækkun upp á 2,5% auk fyrrgreindra taxtahækkana.

Launaþróunartryggingin er skýrð betur út með dæmi á bls. 10 – 11.

Tekjutrygging

Tekjutrygging hækkar verulega. Hún var kr. 125.000,- fyrir árið 2007.

Hækkanir eru þannig:

1. febrúar 2008

kr. 145.000,- á mánuði

1. mars 2009

kr. 157.000,- á mánuði

1. janúar 2010

kr. 165.000,- á mánuði

Forsenduákvæði kjarasamninga

Forsendur kjarasamninganna er að kaupmáttur launa haldist eða aukist og að verðbólga fari lakkandi. Í febrúar á næsta ári verður farið yfir það hvort þessar forsendur hafi staðist. Hafi það gerst þá framlengjast samningarnir til nóvemberloka árið 2010. Hafi það hins vegar ekki gerst þá geta samningsaðilar samið um viðbrögð og þar með framlengingu samninganna eða samningar verða lausir frá og með 1. mars 2009.

Nýmæli og breytingar á kjarasamningum

Lenging orlofs

Með þessum kjarasamningi hefur náðst sá árangur að samræma fjölda orlofsdaga á almennum og opinberum launamarkaði.

25 dagar – 10,64% orlofslaun.

5 ár hjá sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein.

29 dagar – 12,55% orlofslaun.



Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA og Sigurður Bessason tókust í hendur þegar búið var að undirrita kjarasamningana. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu á Akureyri fylgist með.

10 ár hjá sama fyrirtæki. Gildir á orlofsárinu frá 1. maí 2008

30 dagar – 13,04% orlofslaun.

10 ár hjá sama fyrirtæki. Gildir frá 1. maí 2010

Slysatryggingar launafólks

Fullyrða má að þær slysatryggingar sem eru í samningnum séu meðal mikilvægustu nýmæla hans. Nýr kafli um slysatryggingar launafólks tekur gildi frá 1. maí 2008. Um er að ræða tryggingar vegna vinnuslysa eins og þau eru skilgreind í kjarasamningnum. Þau helstu eru:

Veruleg hækkun flestra tryggingafjárhæða.

Mikil hækkun verður á örorkubótum. Þannig hækkar grunnfjárhæð örorkubóta í kr. 11.400.000,-. En 100% örorka hækkar í kr. 31.350.000,-.

Í flestum tilfellum hækka dánarbætur umtalsvert. Þannig verða dánarbætur maka kr. 5.000.000,-. Dánarbætur barna hækka í rúmlega fjórar milljónir vegna yngstu barnanna en minna fyrir þau sem eldri eru.

Viðtækari tryggingar

- Vátryggingin nær nú í fyrsta sinn til ungmennta á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans.
- Tryggingin gildir héðan í frá í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda.

- Þá nær tryggingin nú til slysa er verða við íspróttaiðkun, keppni og leiki á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags. Undanskildar eru tilteknar íspróttagreinar.

Samkvæmt nýja samningnum verða tryggingafjárhæðir slysatrygginga nú verðtrygðar.

Veikindi barna

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð þangað til réttur verður 12 dagar á hverju tólf mánaða tímabili til aðhlýnningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki viðkomandi og halda þá dagvinnulaunum sínum svo og vaktarálagi þar sem það á við.

Starfsmannaviðtöl

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín þ.m.t. frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum. Óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða og liggja niðurstaða fyrir innan mánaðar.

Hækkun iðgjalda atvinnurekenda í starfsmenntasjóð

Fræðslusjóðsgjaldið hækkar frá 0,15% í 0,20% frá og með 1. júní 2008.



Harpa Ólafsdóttir, hagfræðingur Eflingar, Signý Jóhannsdóttir Stéttarfélagi Vesturlands, Linda Baldursdóttir Hlíf, Sigurrós Kristinsdóttir Eflingu, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir AFL starfsgreinafélagi Austurlands, Ragna Larsen Bárunni stéttarfélagi, Matthildur Sigurjónsdóttir og Anna Júlíusdóttir Einingu-löju

Heimild til setu á námskeiðum

Starfsmenn geta varið allt að fjórum dagvinnustundum á ári til setu á námskeiðum sem styrkhæf eru frá Starfsafla án skerðingar á dagvinnulaunum þó þannig að helmingur námskeiðsstunda sé í þeirra eigin tíma.

Nýr endurhæfingarsjóður

Nýr endurhæfingarsjóður verður öflug stoð til að takast á við vaxandi örorku og styðja þá sem lenda í skertri vinnugetu til áframhaldandi starfa á vinnumarkaði. Heildargreiðsla inn í þennan nýja sjóð verði 0,39% af launum í heild og þar af greiða atvinnurekendur 0,13% á árinu 2008, ríkissjóður leggur til sömu upphæð á árinu 2009 og gert er ráð fyrir framlagi lífeyrissjóðanna með sama hlutfalli frá árinu 2010.

Laun í erlendum gjaldmiðli

Nýr kafli kemur inn í kjarasamninga um heimild til að fá hluta fastra mánaðarlauna greiddan í erlendum gjaldmiðli eða tengja hluta fastra mánaðarlauna

við gengi erlends gjaldmiðils með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda. Þá er nánar kveðið á um hvernig skuli standa að málum í slíkum tilvikum.

Áunninn réttindi vegna starfa erlendis

Nýr kafli kemur inn í kjarasamninga um að erlendir starfsmenn hér á landi svo og þeir Íslendingar sem starfað hafa erlendis flytja með sér áunninn starfstíma gagnvart réttindum kjarasamninga sem tengd eru starfstíma í starfsgrein, enda verði starfið erlendis talið sambærilegt. Í samningsákvæðinu er að finna útfærslu um það hvernig eigi að færa sönnur á áunninn starfstíma.

Trúnaðarmannanámskeið

Gerð er breyting á texta kjarasamninga um trúnaðarmannanámskeið þar sem fram kemur að trúnaðarmannanámskeið séu þau námskeið sem skipulögð eru af stéttarfélagunum og ætlað er að gera trúnaðarmönnum betur kleift að takast á við starf sitt.

Nýr kjarasamningur um stórframkvæmdir

Gerður hefur verið sérstakur samningur um kjör starfsmanna við stórframkvæmdir og kemur hann í stað svokallaðs Virkjunarsamnings, sem féll úr gildi um síðustu áramót.

Jafnréttisáherslur

Samningsaðilar hafa sameinast um áherslur í jafnréttismálum. Þar kemur fram að jafnir möguleikar kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál launafólks og fyrirtækja. Í því ljósi muni aðilar vinna saman á samningstímanum að.

- Þróun vottunarferlis sem fyrirtæki geta nýtt sér og feli í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar.
- Gera úttekt á launamyndun á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til launamyndunar kvenna og karla.
- Aukin verði fræðsla um jafnrétti á vinnumarkaði með aðgengilegu kynningar- og fræðsluefni fyrir launafólk og fyrirtæki með það að markmiði að styðja starf fyrirtækja og starfsmanna í jafnréttismálum.

Vinnustaðaskilríki

Í sérstakri bókun kemur fram að unnið verði áfram að því að innleiða notkun vinnustaðaskilríkja þar sem það á við og beina fyrst sjónum einkum að byggingariðnaði. Fram kemur hvaða skilyrði vinnustaðaskilríkin þurfa að uppfylla og hvernig skuli standa að eftirliti með útgáfu og notkun skilríkjanna og hvaða upplýsingar þar þurfa að liggja til grundvallar.

Gera á úttekt á launamyndun á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til launamyndunar kvenna og karla

Uppsögn ráðningarsamninga

Nú koma inn ákvæði varðandi rétt starfsmanna til viðtals við atvinnurekanda um ástæður uppsagnar og að hann geti farið fram á að þær séu skýrðar skriflega.

Fallist atvinnurekandi ekki á þá ósk starfsmanns á starfsmaður rétt á öðrum fundi með honum um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns ef starfsmaður óskar þess. Einnig er að finna ákvæði um takmörkun uppsagnarheimildar atvinnurekanda og viðurlög.

Bókun um tilkynningu til trúnaðarlæknis/þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar

Samningsaðilar undirrituðu bókun um skipun viðræðunefndar sem ætlað er að ná samkomulagi um fyrirkomulag varðandi tilkynningu veikinda til trúnaðarlæknis/þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar.

Bókun varðandi læknisvottorð

Samningsaðilar eru sammála um að beina því til heilbrigðisráðherra að hann beiti sér fyrir breytingu á reglum um læknisvottorð. Gerð verði krafa um sérstök læknisvottorð þegar um er að ræða langtímafjarvistir. Ef starfsmaður hefur verið óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss í fjórar vikur samfellt skal í læknisvottorði taka afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing sé nauðsynleg til að ná eða flýta bata.

Bókun varðandi atvinnusjúkdóma

Samningsaðilar munu sameiginlega beita sér fyrir því að sett verði reglugerð um skráningu bótaskyldra atvinnusjúkdóma. Þá kemur fram að samningsaðil-

ar telja mikilvægt að efla rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði atvinnusjúkdóma á vettvangi Vinnueftirlits ríkisins.

Framlag stjórnvalda við gerð kjarasamninganna

Skattamál

- Persónuafsláttur hækkar um 7.000,- kr. á þremur árum umfram verðlagsbreytingar. Þetta þýðir að skattleysismörk hækka úr kr. 95.280,- í ár í kr. 115.000,- árið 2011, á föstu verðlagi. Að auki hækka skattleysismörkin í samræmi við verðbólgu.
- Dregið verður umtalsvert úr tekju-skerðingum barnabóta. Í ár hækka þau mörk þegar tekjur byrja að skerða barnabætur í 120.000,- kr. mánaðartekjur hjá einstæðu foreldri og í 240.000,- kr. hjá hjónum. Að auki lækka skerðingarprósentur vegna annars og þriðja barns um 1% stig. Árið 2009 hækka tekjuskurðingarmörkin hjá einstæðu foreldri í 150.000,- kr. og hjá hjónum í 300.000,- kr.

Vöruverð

- Ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir aðgerðum til að lækka vöruverð, einkum matvælavæð.

Húsnæðismál

- Húsaleigubætur hækka umtalsvert þegar á þessu ári. Þannig hækka hámarks húsaleigubætur úr 31.000,- kr. á mánuði í 46.000,- kr.
- Lánsvilyrðum til félagslegra leigubúða með niðurgreiddum vöxtum verður fjölgað í 750 á ári í fjögur ár, frá og með árinu 2009.
- Eignaskerðingarmörk vaxtabóta verða hækkuð um 35%, þegar á þessu ári.

- Stefnt verði að því að fella niður stimpilgjöld vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.
- Komið verður á húsnæðissparnaðarkerfi með skattaafslætti fyrir einstaklinga 35 ára og yngri.

Átak í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun

Ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðsins stefna að því að ekki verði fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar árið 2020. Í þessu felst að gera verður stórt átak í fræðslumálum þeirra sem ekki hafa viðurkennda starfs- eða framhaldsskólamenntun.

- Tryggt verður að allir hafi tækifæri til náms að loknu grunnskólanámi þar sem jafnræðis er gætt varðandi kostnaðarþátttöku hins opinbera.
- Reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna verða endurskoðaðar þannig að jafnræði varðandi tækifæri til náms verði tryggt.
- Stefnt verður að því að kostnaður nemenda á framhaldsskólastigi vegna skráningar- og efnisgjalda verði óverulegur.
- Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu verða aukin um 300 milljónir á næstu tveimur árum.

Vissir þú að Sjúkrasjóður Eflingar styrkir sjóðfélaga sem þarf á viðtalsmeðferð að halda?

Hafir þú þörf á viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa eða ADHA greiningu og meðferð, styrkir Sjúkrasjóðurinn þig um allt að kr. 3.000,- fyrir hvert skipti í allt að 15 skipti á hverjum 12 mánuðum. Styrkur Sjúkrasjóðs er þó háður því að Tryggingastofnun taki ekki þátt í kostnaði við meðferðina.

Vissir þú að Sjúkrasjóður Eflingar styrkir sjóðfélaga sem fer á námskeið til að hætta reykingum?

Styrkur Sjúkrasjóðs er allt að kr. 10.000,- ef þú sækir námskeið hjá aðila sem viðurkenndur er af Tóbaksvarnarráði.

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Mikilvægt er að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.





Trúnaðarmannanámskeið hjá Eflingu


Hópur trúnaðarmanna útskrifaðist af trúnaðarmannanámskeiði 1 sem haldið

var í Fræðslusetri Eflingar í Sætúni 1. vikuna 11. til 15. febrúar sl. Við heim-

sóttum hópinn á næst síðasta kennsludegi og spjölluðum við þáttakendur.

Marsibil Sigurðardóttir

Gott að þekkja réttindi og skyldur



Marsibil Sigurðardóttir vinnur við umönnun á Hjúkrunarheimilinu Skjólí og hefur verið trúnaðarmaður í tæp tvö ár. Hún segir að lítið hafa reynt á starf sitt sem trúnaðarmaður en samt hafi hún talið nauðsynlegt að fara á námskeiðið. Mál geta komið upp með stuttum fyrirvara og þá er gott að vita eitthvað um réttindi og skyldur á vinnu- markaði og geta svarað spurningum um kjarasamninga sem unnið er eftir, segir hún. Marsibil segir að létt hafi verið yfir þátttakendum á námskeiðinu og henni hafi þótt mjög gaman að kynnst þeim. Ég er ákveðin í að fara á framhaldsnámskeiðið og bæta við þekkingu mína á málefnum sem munu nýtast mér í starfi trúnaðarmanns, sagði Marsibil og brosti.

Fjölbreyttur stuðningur við félagsmenn til náms

- segir Guðmundur Einar Steindórsson



Guðmundur Einar Steindórsson keyrir malarbíl hjá Klæðningu sem er alhliða verktakafyrirtæki. Hann sagði að tækjamennt hjá fyrirtækinu hefðu kosið sig í starf trúnaðarmanns fyrir viku. Svo sá hann auglýsingu um trúnaðarmannannámskeið og ákvað að sækja um og hér er ég kominn, sagði hann. Námskeiðið er búið að vera bæði gagnlegt og skemmtilegt og leiðbeinendur hafi staðið sig vel í að fræða þátttakendur um störf trúnaðarmanna á ólíkum vinnustöðum.

Þegar Guðmundur er spurður hvort eitthvað sem fjallað var um á námskeiðinu hafi komið honum á óvart segir hann að fjölbreytt framboð á námsleiðum og námsstyrkjum, sem Eflingarfélagu standi til boða séu efst á blaði hjá sér. Aðspurður hvort hann hefði áhuga á að sækja framhaldsnámskeiðið segir hann að það komi vel til greina. Ég ætla fyrst að kynna mér ýmis réttindimál og skyldur félagsmanna og atvinnurekenda og kjarasamninginn sem tækjamennt vinna eftir og svo mun ég ákveða framhaldið, sagði Guðmundur að lokum.



Útskrifuðust úr Landnemaskólanum

Landnemaskólinn útskrifaði fimm nemendur þann 21. febrúar sl. og að þessu sinnu voru eingöngu konur í hópnum. Þær fengu afhend viðurkenningarskjöl í Fræðslusetri Eflingar og að því loknu var boðið uppá

kaffiveitingar. Kennarar og nemendur stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðs Eflingar. Lengst t.v. er Ingibjörg Stefánsdóttir verkefnastjóri og kennari, þá kemur Milone Baterna Pettypiece, Olivia Einarsson,

Maribeth Ycoth og Phafan Phongsan Thiah og lengst til hægri er Irma Matchavariani sem einnig kenndi á námskeiðinu. Á myndina vantar Oxönu Luchinu sem einnig var að útskrifast.



Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Árangur við mjög erfiðar aðstæður

Mikil kjarabót ef okkur tekst að lækka verðbólgu

Auðvitað er maður aldrei fullkomlega ánægður með kjarasamninga, segir formaður Eflingar í viðtali við Fréttablað félagsins. Þetta voru mjög erfiðir samningar, harkið stóð í nærri hálfu ári og lengst af vorum við mjög óánægð með framvinduna. Samningsstaðan markast af því að við erum í gíslingu allt of hárrar verðbólgu og framundan kann að vera erfiðara atvinnuástand en áður. Okkur tókst við þessar aðstæður að bæta kjör þeirra sem eru á lægri launum. Það er stærsti sigurinn í þessum samningum þar sem hækkunir taxtalauna liggja á bilinu 24-32% á samningstímanum eða samtals 38.000,- kr. Tekjutrygging hækkar síðan í takt við launabreytingar og hópar sem liggja utan taxtakkerfisins njóta líka ávinnings af samningunum. Síðan spila skattabreytingar í persónuafslætti og vaxta-

bótum með okkur þannig að ráðstöfunartekjur fjölskyldufólks með lægri og meðaltekjur ættu að hækka talsvert með þessum samningum, segir Sigurður Bessason. Vonandi verða þessir samningar líka til að lækka verðbólgu svo við getum aftur farið að byggja upp kaupmátt launafólks sem skiptir mestu máli. Það er mjög mikilvæg kjarabót, segir hann.

Hann er spurður um það hvað merkast sé af nýmælum fyrir utan launabátt samninganna.

Gerbylting á tryggingagreiðslum

Ég hef komið að kjarasamningum í 20 ár og ég er þess fullviss að mikilvægast í þessum samningum fyrir utan launamálin er algjör umskipti slysatrygginga launamanna þó að þetta fái kannski enga athygli og umræðu. Við höfum á undanförunum árum horft á sorgleg dæmi þar sem vinnuslys leggja framtíð heilu fjölskyldnanna í rúst. Það var reynt að bæta tryggingarnar í síðustu samningum en þessi gjörbylting á tryggingargreiðslum nú getur komið í veg fyrir þá mannlegu harmleiki sem við höfum séð í kjölfar slysa á síðustu árum. Þessar umbætur er ekki hægt að ofmeta. Fjölgun orlofsdaga í 30 skiptir einn-

ig verulega máli þar sem nú er loksins kominn sami heildarþjöldi daga í orlofi á öllum vinnumarkaðnum.

Stolt af vinnu okkar í menntamálum

Við erum líka stolt af því að við höfum nú markað brautina áfram fyrir það fólk sem oft hefur ekki formlega menntun að baki með 25% hækkun starfsmenntagjalds sem er grundvöllur áframhaldandi sóknar á þessu sviði. Framlag stjórnvalda í skatta og velferðarmálum styrkir síðan grundvöll kjarasamningsins.

Mikilvægt að taka þátt í atkvæðagreiðslunni

Ég tel að við höfum náð því út úr þessum samningsaðstæðum sem nokkur möguleiki var og það var líka mjög ánægjulegt að sjá þá eindrægni sem ríkti í stóru samninganefndinni okkar sem stóð eins og klettur með okkur í gegnum þessa miklu vinnu. Ég veit af reynslu að félagsmenn Eflingar eru mjög raunsætt fólk. Við sjáum það best í könnun eftir könnun þar sem félagsfólkið okkar leggur áherslu á að ná kaupmætti í stað prósentutölum launa, að fólk er tilbúið að setta sig við fórnir til að ná þessu fram. Við höfum einmitt í þessum samningi reynt að fylgja eftir þessum sjónarmiðum. Ég vonast auðvitað til að félagsmenn styðji þennan samning en meginatriðið er þó að taka þátt í atkvæðagreiðslunni sem framundan er, segir hann.

Endurhæfingarsjóður er stórmál

Eitthvað að lokum?

Já, ég held að það sama eigi við um miklar hækkunir tryggingabóta og endurhæfingarsjóðinn sem við lögðum grunn að í þessum samningi að þar er stórmál á ferð. Fjölgun örorkuþega á landinu er farin að hafa áhrif á getu lífeyrissjóðanna til að tryggja afkomu okkar þegar kemur að efri árunum. Þetta eru ekki ótæmandi sjóðir og það hefur verið ljóst í mörg ár að það yrði að móta gersamlega nýja stefnu þar sem við leggjum áherslu á að fólk á vinnumarkaði geti haldið áfram störfum þó að það verði fyrir skertri starfsgetu eða aföllum. Endurhæfingarsjóðurinn er hugsaður til að taka á þessum vanda og ég er sannfærður um að þarna erum við að taka risastökk fyrir þá sem lenda í slysum og langvarandi veikindum og hingað til hafa lent á örorku til frambúðar. Með þessum sjóði og markvissum úrræðum verður fólk aðstoðað aftur út á vinnnumarkaðinn ef þess er nokkur kostur.

Þessi gjörbylting á tryggingargreiðslum nú getur komið í veg fyrir þá mannlegu harmleiki sem við höfum séð í kjölfar slysa á síðustu árum



Áherslur í samningi við ríkið og stofnanir

Launahækkun og aukin virðing fyrir störfunum

-segir Sigurrós Kristinsdóttir, 1. varaformaður Eflingar



Á fundi sem haldinn var með trúnaðarmönnum er starfa hjá ríki og hjúkrunarheimilum þann 25. janúar kom fram að mikill hugur er í starfsmönnum þessara stofnana. Um langan tíma hefur verið mikið álag á mörgum hjúkrunarheimilum þar sem erfitt hefur verið að manna störf. Það er tvennt sem kom mjög áberandi fram á þessum fundi, segir Sigurrós Kristinsdóttir, 1. varaformaður Eflingar. Annars vegar er það nauðsyn þess að hækka launin og hins vegar að vinna að því að auka virðingu fyrir þessum störfum þannig að eðlilegt ástand myndist á þessum stofnunum, segir hún.

Ekki er hægt að nota sömu úrræði eins og á leikskólum, að loka deildum, skerða þjónustu og senda heimilisfólk heim þannig að ástandið er mun erfiðara og meira álag á þeim sem vinna þessi störf. Vinnan framundan er að kjósa í samninganefnd og undirbúa kröfugerð fyrir komandi kjarasamninga við ríkið en þeir eru lausir í lok mars.

Með öflugri símenntun fyrir þá sem starfa við umönnun aukum við virðingu fyrir umönnunarstörfum. Nú þegar eru á annað hundrað manns annað hvort í námi eða útskrifaðir sem félagsliðar. Þá kom einnig fram á fundinum að bjóða þyrfti upp á styttri námsbrautir fyrir þá

sem starfa við ræstingar og í eldhúsi.

Það þarf líka að huga vel að erlenda hópnum okkar og mikilvægt er að bjóða upp á íslenskukennslu í vinnutíma. Erlendur hópur er núna í félagsliðanámi þar sem íslenskukennsla er hluti af náminu, segir Sigurrós.

Sigurrós Kristinsdóttir og Harpa Ólafsdóttir hafa umsjón með undirbúningi þessara kjarasamninga og eru að undirbúa kosningu samninganefndar og síðan verður farið í samningavinnu með Starfsgreinasambandinu.

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega
www.et.is

SÍMI: 822 4502

NÝ

ÖKUSKÓLINN



Glæsilegt húsrými á Grand Hótel

Alltaf jafn skemmtilegt í vinnunni

Rætt við starfsfólkið um vinnuna, launin og frítímann

Grand Hótel Reykjavík tók í notkun 14 hæða turn þann 26. október á síðasta ári, sem tengdur er við hótelið með glerbyggingu. Í nýbyggingunni bættust við 209 herbergi, 3 ráðstefnusalir, 2 fundarherbergi og 2 veislusalir. Við heimsóttum nokkra Eflingarfélaga sem vinna þar til að forvitnast um hagi þeirra á vinnustaðnum.

Inga Hrönn Sverrisdóttir, yfirþerna hefur umsjón með þrifum á herbergjum, ráðstefnu- og fundarsölum og öðrum vistarverum á hótelinu. Hún sagði að eftir stækkunina sjái sextán þernur um að þrifa 314 herbergi og 14 ráðstefnu- og fundarsali hótelsins. Þernurnar þrifa átján til tuttugu herbergi daglega og oft þurfa þær að hafa hraðar hendur þegar

En það þarf líka að hækka launin hjá þeim sem hafa meðaltekjurnar vegna þess að þeir hafa setið eftir að hluta til

von er á nýjum gestum. Vinnan hefst klukkan átta og lýkur klukkan fjögur síðdegis.

Launin mættu vera hærri

Hún segist vera nokkuð sátt við launin en auðvitað mættu þau vera hærri, segir hún. Inga Hrönn segir að aðbúnaður starfsmanna sé góður. Við höfum aðgang að búningsherbergi með fataskápum sem hægt er að læsa og

baðaðstöðu ef fólk vill fara í sturtu eftir vinnu. Svo höfum við starfsmannafélag sem sér um ýmsar upptökur þ.á.m. árshátíðir, golf-og grillferðir á sumrin og um daginn förum við í bowling og það var rosalega gaman, segir hún.

Þegar Inga Hrönn er spurð hvað henni finnst um turninn segir hún að hann sé bæði stór og glæsilegur að utan sem innan. Þó ég hafi ferðast víða hafði ég aldrei áður komið í svona stórt og glæsilegt lobbý eins og við höfum daglega fyrir augunum hér, segir hún. Aðspurð hvort að hún sé byrjuð að skipuleggja sumarfrí næsta sumar segist hún fara á tvö ættarmót í júní og júlí. Svo fer ég til Kanaríeyja þannig að það verður nóg að gera hjá mér, sagði Inga Hrönn og brosir.



Gott að vera léttur á sér

- Segir Guðný Óskarsdóttir

Í gömlu hótélbyggingunni hittum við Guðnýju Óskarsdóttur með bakka fullan af skúffukökum handa ráðstefnugestum í Hvammi. Ég hef unnið við veitingastörf hér í nú á, segir hún, og það er alltaf jafn skemmtilegt. Eftir að nýja byggingin var tekin í notkun hafi starfsumhverfi þeirra sem vinna við veitingaþjónustuna breyst mikið m.a. vegna fjölgunar á fundarsölum. Við erum fjögur sem sjáum um þjónustuna og stundum eru allir salirnir í notkun á sama tíma. Þá er eins gott að vera léttur á sér vegna þess að við þurfum að fara með veitingar uppá fjórtánda hæð og niður í kjallara og allar hæðir þar á milli.

Guðný mætir til vinnu klukkan sjö að morgni og hættir um þrjúleytið. Við erum tvö sem vinnum þannig en hinir mæta klukkan níu og vinna til fimm. Svo vinn ég tvo laugardaga í mánuð, segir hún.

Hækka mest hjá þeim sem minnst hafa

Þegar Guðný er spurð um launin segir hún að þau mættu vera hærri. Ég hef reynt að fylgjast með kjarasamninga-

viðræðunum sem hafa verið í gangi og er sammála því að það þurfi að hækka launin mest hjá þeim sem minnst hafa. En það þarf líka að hækka launin hjá þeim sem hafa meðaltekjurnar, segir hún, vegna þess að þeir hafa setið eftir að hluta til. Mér heyrir að menn séu að tala um að 145.000,- kr. í lágmarkstekjutryggingu sem talið er ásættanlegt. En því er ég ekki sammála og held reyndar að 190.000,- kr. sé algjört lágmark til þess að fólk geti lifað mann-sæmandi lífi.

Málum bæinn rauðan

Aðspurð hvort hún sé farin að huga að sumarfríi sagðist Guðný fara til Dóminíska lýðveldisins í mars ásamt nokkrum vinkonum og dvelja í tvær vikur á fjögurra stjörnu hóteli á strandstað sem heitir Gran Ventana Beach Resort. Við ætlum að mála bæinn rauðan og borða góðan mat og svo mæti ég nánast beint á árhátíð hjá Grand Hótel þegar ég kem heim, sagði Guðný að lokum.



Janusz Nilczyński

Mjög ánægður í vinnunni

Á jarðhæðinni í turninum rákumst við á Janusz Nilczyński, húsvörð með stól í fanginu. Hann sagðist hafa unnið á hótelinu í nokkur ár og væri mjög ánægður með vinnuna. Ég mæti klukkan átta á morgnana og vinn til klukkan fjögur og á frí um helgar, segir hann. Aðspurður um starfið

sagðist Janusz sjá um eftirlit og viðhald og ýmislegt fleira sem til fellur. Um launin sagði hann að þau mættu vera hærri. Ég vona að það verði niðurstaða kjarasamninganna sem unnið er að um þessar mundir, bætir hann við.



Frá Sjúkrasjóði Eflingar

Breyting á meðferð styrkja vegna grunnskoðunar hjá Krabbameinsfélaginu

Eins og kunnugt er lækkuðu félagsgjöld um 30% frá og með 1. janúar s.l. úr 1% af launum í 0,7%. Við lækkun félagsgjaldsins var farið yfir hvar hægt væri að hagræða í rekstri félagsins við lækkandi tekjur og meðal þess sem ákveðið var að gera er að hætta að gefa út félagsskírteini enda kostnaður við útgáfu þeirra á fimmtu milljón árlega. Félagsskírteinið hefur lítið verið notað nema sem sönnun félagsaðildar við skoðun hjá Krabbameinsfélaginu. Tafla yfir afslætti sem samið hefur verið um hjá hinum ýmsu fyrirtækum er í dagbók Eflingar sem

kemur út árlega og nægir að sýna bókina til að njóta afsláttar.

Þar sem félagsskírteini verða ekki gefin út framvegis, þarf að greiða fyrir skoðunina hjá Krabbameinsfélaginu, en hún kostar kr. 3.000.- Allt sem þarf til að fá skoðunina endurgreidda úr Sjúkrasjóði er að póstsenda kvittunina á skrifstofu Eflingar, Sætúni 1, 105 Reykjavík, eða koma henni til félagsins. Á kvittunina skrifar þú bankaupplýsingar, þ.e. númer banka, höfuðbókar og

bankareiknings og símanúmer þitt. Breyting þessi gildir frá og með 1. mars 2008.

Starfandi félagsmaður Eflingar, sem unnið hefur í þrjá mánuði eða lengur og greitt hefur verið af til Sjúkrasjóðs kr. 3.000.- eða meira á rétt á að fá grunnskoðunina endurgreidda að fullu, en skoðunin hækkaði úr kr. 2.600.- í kr. 3.000.- um síðustu áramót.



Aukin réttindi hjá fræðslusjóðum!

Ökuréttindi styrkt í fyrsta sinn

Erum að mæta þörfum í þjóðfélaginu – segir Atli Lýðsson hjá Eflingu

Þetta er til marks um það að sjóðirnir okkar og allar reglur þurfa að vera í takt við þjóðfélagsbreytingar, segir Atli Lýðsson, sviðsstjóri fræðslumála um þær breytingar sem nú eru að verða á reglum fræðslusjóðsins. Nú í fyrsta sinn erum við að taka upp styrki til almennra ökuréttinda. Þetta er gert vegna þess að bílprófið er orðið hluti af þeirri þekkingu og færni sem ungt fólk þarf að hafa til að geta gegnt margvíslegum störfum og sótt vinnu þar sem gerð er krafa um bíl til umráða. Þá erum við að rýmka og auka réttindi í ýmsum atriðum til að koma til móts við kröfur á vinnu- markaði og auka möguleika okkar fólks til að sækja menntun án þess að hún verði of íþyngjandi í kostnaði fyrir þátttakendur, segir Atli. Nú um áramótin voru samþykktar nýj-

ar reglur hjá sjóðunum þar sem ýmis réttindi félagsmanna eru aukin verulega hvað varðar möguleika á styrkjum og námsaðstoð.

Ávinnslutímabilið var lækkað úr 12 mánuðum í 6 mánuði, sem þarf að vera samfellt, til að eiga rétt á einstaklingssstyrkjum. Þó er áfram miðað við 12 mánuði til að öðlast full réttindi. Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt

félagsgjöld í 1 mánuð.

Lesblinda styrkt

Nám til almennra ökuréttinda er styrkt. Þó er aðeins mismunandi milli sjóða með hvaða hætti það er gert. Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðugleika að stríða geta sótt um styrk að hámarki sem nemur 75% af reikningi vegna kaupa á hjálpartækjum til stuðnings við lestur eða skrift.

Hjá starfsmenntasjóðum ríkis og sveitarfélaga er hægt að sækja um styrki til náms og kynnisferða að hámarki 30.000,-kr. Þeir eru veittir fyrst eftir þriggja ára samfellda félagsaðild síðan á þriggja ára fresti.

Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðugleika að stríða geta sótt um styrk að hámarki sem nemur 75% af reikningi



Stanislaw Bukowski verður stjórnarmaður í Eflingu

Draumurinn að eignast land-skika og sumarhús í sveit

Ég varð mjög undrandi þegar mér var boðið að taka sæti í Stjórn Eflingar og verða fyrsti félagsmaðurinn af erlendum uppruna sem hlýtur þann heiður. En þegar ég hafði jafnað mig það ég um smá umhugsunarfrest til þess að ræða málið við fjölskyldu mína. Hún hvatti mig til þess að taka þessari áskorun og ég ákvað að taka þessu góða boði, segir Stanislaw Bukowski sem tekur sæti í stjórn Eflingar stéttarfélags að loknum aðalfundi félagsins 23. apríl nk. Forvitnilegt þótti að fræðast svolítið um þennan unga mann sem talar reiprennandi íslensku.

Hann ólst upp á sveitabæ í Suðaustur Póllandi nálægt landamærum Úkraínu ásamt sjö systkinum. Foreldrar mínir

Samskiptin við Íslendinga ganga mjög vel og við höfum eignast marga íslenska og pólska vini

fengu úthlutað fimm hektara landi til búsetu og voru m.a. með kýr, svín og hænsni og við ræktuðum aðallega sykurrófur, segir hann. Börnin tóku þátt í bústörfunum og það kom sér vel að við vorum mörg vegna þess að faðir okkar var húsasmiður og vann mikið við smíðar í sveitinni.

Lærði bifvélavirkjun

Þegar ég hafði aldur til fór ég í barnaskóla og hélt svo áfram í verkmennta-

skóla og lærði bifvélavirkjun. Stanislaw segir að á þessum tíma hafi verið mikið atvinnuleysi í Póllandi og honum hafi gengið erfiðlega að fá vinnu. Það lá eiginlega beinast við að gegna herþjónustu í eitt ár.

Hótað að verða vísað úr landi

En ég var ekki mjög spenntur fyrir því að fara í herinn og þegar vinur minn hringdi í nóvember 2000 og spurði hvort ég vildi koma til Íslands að vinna, sagðist ég hafa áhuga á því. Stuttu seinna hringdi hann aftur og kvaðst vera með flugmiða eftir tvo daga og hann væri búinn að útvega mér vinnu og atvinnuleyfi. Þegar ég kom hingað fór ég strax að vinna hjá verktakafyrirtæki sem var með stórt verkefni í Svartsengi og víðar og vann þar í tvö ár.

Þá var mér boðið annað starf á betri kjörum hjá öðru verktakafyrirtæki og ég ákvað að þiggja það. Stanislaw segir að fyrrverandi vinnuveitandi sinn hafi reiðst við þessi tíðindi. Hann hótað að kæra sig og heimtaði að hann fengi endurgreidda peninga sem hann

hafði greitt mér. Hann skrifaði líka bréf til Útlendingastofnunar og fór fram á að atvinnuleyfið mitt yrði felld úr gildi og ég fengi aldrei aftur atvinnuleyfi á Íslandi og hann fór líka fram á að mér yrði vísað úr landi.

Leitaði til Eflingar

Ég leitaði til Eflingar og þar var málið tekið föstum tökum og eftir tveggja ára málarekstur féll dómur mér í hag. Þar með lauk þessum leiðindakafla og síðan hefur lífið brosað við mér, segir hann. Stanislaw segir að starfsfólkið á skrifstofu Eflingar hafi staðið mjög vel við bakið á sér allan tímann og hann hafi lært heilmikið um starfsemi félagsins og réttindi og skyldur þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði meðan á mála-rekstrinum stóð.

Ein af ástæðum þess að ég tek sæti í stjórninni

Það er ein af ástæðunum fyrir því að ég ákvað að taka boði um sæti í stjórninni, segir hann. Aðspurður um hvar hann starfi núna segist Stanislaw vinna sem tækjamaður hjá Garðabjónustunni. Tveir bræður reka fyrirtækið og það hefur aldrei fallið skuggi á samstarf okkar í þau fimm ár sem ég hef unnið hjá þeim, segir hann. Ég byrjaði að vinna í hellulögnum en svo buðu þeir mér að fara á meiraprófsnámskeið og vinnuvélanámskeið og síðan hef ég unnið á smáum og stórum tækjum. En ég gríp líka einstaka sinnum í hellulagnir.

Donata, Óskar og Jeremi

Aðspurður um fjölskylduhagi segist Stanislaw vera giftur Donata Honkowicz-Bukowski og þau eigi tvo syni sem



Stanislaw og pólskir samstarfsmenn spjalla saman

heita Óskar Einar, fjögurra ára og Jeremi Örn sem er eins og hálfs árs. Þegar Óskar fæddist keyptum við litla íbúð og svo fæddist Jeremi og þá þurftum við stærra húsnæði og keyptum fjögurra herbergja íbúð í Kópavogi og standsettum hana að mestu leyti sjálf. Hann segir líka að Donata kenni pólskum börnum íslensku í Hjallaskóla í Kópavogi og aðstoðar þau við námið. Svo kennir hún líka pólverjum íslensku hjá Mími-símenntun og við höfum bæði unnið sem túlkar hjá Eflingu, segir hann.

Gengur vel að aðlagast

Þegar Stanislaw er spurður hvernig þeim hafi gengið að hafa samskipti við Íslendinga segir hann að samskiptin gangi mjög vel. Við höfum eignast marga íslenska og pólska vini og okkur hefur tekist að aðlagast íslensku samfélagi. Aðspurður um hvaða væntingar hann hafi til framtíðar segist Stanislaw hafa áhuga á að læra garðyrkju og eignast landskika og sumarhús í sveit þar sem að fjölskyldan getur unnið við fjölbreytta ræktun á sumrin.

Þitt atkvæði skiptir máli Greiðum atkvæði

Munið að 10. mars lýkur atkvæðagreiðslu um kjarasamningana



Viltu auka færni þína í lestri og skrift?

Sextánda námskeiðið „Aftur í nám“ sem er nám fyrir fólk með lestrar- og skriftarörðugleika hófst þann 19. febrúar og því líkur 22. apríl. Næsta námskeið sem verður það síðasta á vorönninni hefst 3. apríl og því líkur 5. júní.

Hvað er kennt í Aftur í nám?

Námskeiðið „Aftur í nám“ stendur yfir í níu vikur og farið er í sjálfsstyrkingu, einkatíma í lesþjálfun, íslensku og tölvunotkun. Að loknu námi er markmiðið að nemendur hafi yfir að ráða aðferðum til að vinna bug á lesblindu sinni og ræðst það ekki síst af því að þeir nýti þær aðferðir áfram til þjálfunar. Aðferðirnar sem verið er að nota eru óhefðbundnar og byggjast m.a. á þrívíddarskynjun, en einstaklingar með lesblindu hugsa alla

jafna á myndrænni hátt en aðrir.

Tilraunakennsla fyrir lesblinda hófst hjá Mími – símenntun árið 2002. Námið er 95 kennslustundir að lengd samkvæmt námsskrá og er það metið til allt að 7 eininga á framhaldsskólastigi. Alls hafa á annað hundrað fullorðnir einstaklingar lokið náminu hjá Mími. Breidd nemenda er mikil, m.a. eru þeir á aldrinum

18 til 67 ára og jafnt karlar sem konur.

Oft hefur fólk ekki fengið viðurkenningu á lesblindu sinni og hefur þar af leiðandi slæmar minningar frá skólagöngu. Það getur því reynst erfitt að stíga fyrstu skrefin í að fara „aftur í nám“. Mímir - símenntun sérhæfir sig í kennslu fullorðinna og hafa starfsmenn Mímis mikla reynslu af því að taka á móti fólki sem glímur við erfiðar tilfinningar tengdar námi. Reynslan sýnir að eftir fyrstu tímana er hópurinn orðinn sterk liðsheilur enda eiga þátttakendur samskonar reynslu að baki og hafa oft þurft að glíma við sömu erfiðleika.

Skráning og nánari upplýsingar eru hjá Mími – símenntun, Jóna M. Ólafsdóttir, sími 580-1824 eða jona@mimir.is.

Oft hefur fólk ekki fengið viðurkenningu á lesblindu sinni og hefur þar af leiðandi slæmar minningar frá skólagöngu. Það getur því reynst erfitt að stíga fyrstu skrefin í að fara „aftur í nám“

Konur frá Kólumbíu í heimsókn hjá Eflingu

Réttindi okkar ekki sjálfsögð annars staðar

-segir Atli Lýðsson



Það kom hingað hópur afskaplega skemmtilegra kvenna frá Kólumbíu um daginn, segir Atli Lýðsson fræðslustjóri Eflingar. Þær voru hér til að kynna íslenskum vinnumarkaði og læra um hvernig stéttarfélag vinna á Íslandi.

Það var mjög lærdómsríkt fyrir mig að hitta þennan hóp, segir Atli. Það

er alltaf gott að láta rifja upp fyrir sér að mörg hugtök og réttindi sem við teljum sjálfsögð í okkar lífi eru það alls ekki hjá öðrum. Hlutir eins og hvíldartími, lífeyrisréttindi og veikindadagar vegna barna sem við teljum sjálfsagða eru það svo sannarlega ekki allsstaðar. Þetta var mjög hress og skemmtilegur hópur og spurðu konurnar margra góðra spurninga.

Það verður gaman að fylgjast með þessum duglegu konum áfram, segir Atli að lokum.

Hópurinn kom til Íslands fyrir um fjórum mánuðum og hefur verið að kynna Íslandi og læra um land og þjóð síðan.

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA



Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound

Dot er góður punktur fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.

dot by ReSound

HEYRNARMÆLINGAR

HEYRNARVERND

HEYRNARTÆKI

RÁÐGJÖF



Nánari upplýsingar www.heyirn.is - Tímamantanir í síma 534 9600

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyirn@heyirn.is



Verulega hækkun í samningunum

– Segir Guðjón Á. Norðdahl, trúnaðarmaður

Ég hóf störf á Blindravinnustofunni fyrir fjórtán árum og þá voru framleiddar hér ýmsar gerðir af burstum, kústum og fleiri hreinlætisvörum. En árið 2001 var framleiðslan lögð niður vegna þess að hráefnið var orðið mjög dýrt og okkar vörur stóðust ekki samkeppni við verð á sambærilegum innfluttum vörum. Vélarnar voru líka orðnar úreltar og það borgaði sig ekki að endurnýja þær. Því var sjálfgefið að hætta framleiðslunni og snúa sér að innflutningi á hreinlætisvörum, sagði Guðjón Á. Norðdahl, lagermaður og trúnaðarmaður Eflingar, þegar við heimsóttum hann á vinnustofuna í Hamrahlíð.

Ég vinn aðallega við að taka saman pantanir og senda í verslanir og setja saman moppusett. Þá gríp ég líka í vinnu í þökkunardeildinni við að pakka og merkja vörurnar sem við seljum. Svo erum við með mörg önnur verkefni m.a. við póstagningu á blöðum, auglýsingabæklingum og hljóðbókum, segir hann. Fyrir nokkrum vikum byrjuðum við að flokka herðatré fyrir Hagkaup, þannig að verkefnin eru mörg og það er

Ég get nefnt sem dæmi að á sama tíma og launin mín hafa tvöfaldast hefur verð á húsnæði rúmlega þrefaldast

nóg að gera hjá okkur. Aðspurður segir Guðjón að rúmlega þrjátíu manns starfi á Blindravinnustofunni og flestir séu í hlutastörfum. Sjálfur er hann í fullu starfi.

Góður aðbúnaður

Hvað varðar aðbúnað fyrir starfsmennina segir Guðjón að vinnuumhverfið sé rúmgott og bjart og loftræstingin sé mjög góð. Svo höfum við aðgang að búningsherbergi og læstum fataskápum. Vinnutíminn er frá klukkan átta til fjögur síðdegis og starfsfólkið í hlutastörfum skilar sinni vinnu innan þess tíma.

Launin halda ekki í húsnæðisverðið

Aðspurður um trúnaðarmannastarfið segir Guðjón að lítið hafi reynt á það. Ég hef verið trúnaðarmaður í tíu ár og

man ekki eftir að hafa þurft að beita mér neitt sérstaklega. Það er vel farið með starfsfólkið hér, enda gerir það ekki miklar kröfur. Hann segist líka vona að næstu kjarasamningar færi samstarfsfólki sínu og öllu láglaunafólki verulega hækkun á grunnlaunum. Það er til skammar hvernig komið hefur verið fram við okkur á síðustu misserum. Ég get nefnt sem dæmi að á sama tíma og launin mín hafa tvöfaldast hefur verð á húsnæði rúmlega þrefaldast. Það segir mér að þeir sem eru á lægstu launatöxtunum eiga ekki möguleika á að eignast sína fyrstu íbúð, nema afkoma þeirra verði bætt verulega.

Áhugamál hans eru hestamennska og gönguferðir. Hann á þrjá hesta og er sá eini í fjölskyldunni sem stundar þetta sport. Svo ferðast ég bæði innanlands og utan með fjölskyldunni eins oft og kostur er, sagði Guðjón að lokum.

Guðjón er giftur Auðbjörgu Pálsdóttur, kennara í Öskjuhlíðarskóla og á uppkominn fósturson sem heitir Einar Vilhjálmsson.

Það þarf engin töfrabrögð til að tvöfalda lífeyrissparnaðinn!

Leggðu heldur fyrir í séreignarsjóð og þá mun launagreiðandinn greiða sömu upphæð á móti og þar með tvöfaldast sparnaðurinn þinn strax



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi þrjú ár í röð, 2005, 2006 og 2007 af tímaritinu IPE





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Hverjir fara í kynnisferðir til meginlands Evrópu á árinu????

Starfsafl sækir um Leonardo mannaskiptastyrk!

Nú undanfarin ár hefur fjöldi félagsmanna Eflingar átt kost á því að fara í heimsóknir til vinnustaða erlendis og kynnst þar vinnubrögðum, verk-tækni og viðhorfum fólks í öðrum löndum sem er að vinna sambærileg störf í sömu atvinnugreinum. Nær undantekningarlaust hefur verið mikil ánægja með þessar ferðir og hafa félagsmenn komið heim reynslunni ríkari.

Það hefur einnig vakið mikla ánægju hjá þátttakendum þegar þeir hafa séð að margt sem verið er að gera hér á Íslandi í atvinnulífi stenst samanburð við það besta í Evrópu og stundum hafa starfsmenn héðan getað lagt fram tillögur og hugmyndir sem byggðar eru á íslensku hugviti, verkaðferðum eða nýrri tækni við störfín. Þetta á reyndar bæði við um störf á almennum og opinberum markaði. Þannig hafa þessar heimsóknir leitt til gagnkvæmra skoðanaskipta og

útbreiðslu nýrrar þekkingar um Evrópu eins og mannaskiptaáætlanir stefna að.

Nú hefur Starfsafl skilað inn umsókn fyrir 30 þátttakendur og verður spenn-

andi að fylgjast með hvernig gengur. Við biðum spennnt!!! Fylgist með heimasíðu Eflingar og Starfsafls en fluttar verða nánari fréttir af þessu á næstu vikum.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Áhrifamikil ráðstefna um konur og hnattvæðinguna

Velkomnar sem vinnuafli – ekki sem manneskjur

– Segir Dr. Rachel Salazar Perrenas



Mikil þörf er fyrir farandverkafólk víða um heim og í Asíu-löndunum eru verksmiðjustörf að mestu leyti unnin af konum eins og í fataframleiðsluðnaði, leikfangaiðnaði og raf-eindatekni. Stór hluti kvenna vinnur við heimilishjálp víða um heim. Þessar konur hafa oft takmörkuð eða jafnvel engin réttindi í gestalandinu. Sem dæmi má nefna að árið 1990 voru 74% verksmiðjustarfa á Filippseyjum unnin af konum, 70% í Kóreu og 80% á Sri Lanka. Þetta segir Dr. Rachel Salazar Perrenas en hún flutti á dögnum áhrifamikil erindi um stöðu kvenna víða um heim og áhrif hnattvæðingarinnar sérstaklega á störf, réttindi og stöðu kvenna. Hún segir að viðtökuríki bjóði oft farandverkafólk velkomil sem vinnuafli en ekki sem manneskjur.

Fram kom að konur eru meiri en helmingur farandverkafólks í heiminum. Hnattvæðingin ýtir undir flutning kvenna milli landa en hvetur þær ekki til að setjast að í nýju landi. Ríki hamla á móti aðlögun farandverkafólks, t.d.

með því að veita því tímabundin dvalarleyfi, koma í veg fyrir að fjölskyldan flytji með og með því að útiloka það frá félagslegri aðstoð, segir Dr. Rachel.

Þversagnir

Dr. Rachel er prófessor í asísk-amerískum fræðum og félagsfræði við Kaliforníuháskólann. Hún fór yfir ýmsar þversagnir sem fylgja hnattvæðingunni og beindi þá sérstaklega augum sínum að stöðu kvenna í heiminum. Heimilisverkin eru áfram á ábyrgð kvenna og þar sem stjórnvöld setja ýmsar takmarkanir á möguleika þeirra á að fá börn eða fjölskyldu til sín þá þurfa þær að sinna móðurhlutverkinu milli landa. Kynjaskipting og launamunur vinnu- markaðarins tefur fyrir frama kvenna á vinnumarkaði. Þannig væru til dæmis pólskir byggingaverkamenn að vinna sama starf á Íslandi og í heimalandi sínu á meðan konur raðast almennt í hefðbundin láglanastörf kvenna svo sem við ræstingu og umönnun. Oft eru þessar konur með háskólamenntun að baki en fá ekki störf við hæfi. Niðurstaða Rachel er sú að framkvæmd

efnahagslegrar hnattvæðingar, sem treystir á verkakonur sem meginvinnuafli, viðheldur undirokun þeirra.

Stríðið gegn mansali

Dr. Rachel fjallaði einnig um stríð Bandaríkjanna gegn mansali. Hún byggði erindi sitt á rannsókn sem hún gerði á filippseyskum barstúlkum í Japan en hún bjó þar í 9 mánuði meðan á rannsókninni stóð. Barstúlkur hafa val um á hvernig þær þurfa starfa og sem samræmist því siðferði sem þær hafa sett sér. Þær hafa val um hvernig þær þjóna viðskiptavinum sínum. Þar sem þetta starf er valið af frjálsum vilja þá vaknar spurningin. Eru þær þá förn-

Niðurstaða Dr. Rachelar er sú að framkvæmd efnahagslegrar hnattvæðingar, sem treystir á verkakonur sem megin vinnuafli, viðheldur undirokun þeirra

arlömb mansals? Tvö sjónarhorn voru ráðandi eftir því hvernig er horft á það, opinberir aðilar og baráttusamtök sem líta á þessar konur sem fórnarlömb og sýn stúlkanna sjálfra á starf sitt.

Hún telur að aðgerðir Bandaríkjanna gegn mansali þurfi annars konar

úrlausnir, þær sem koma frá fólkinu sjálfu, því það hefði jafnvel aðra sýn á stöðu sína, í stað þess að vera með forræðishyggjuaðgerðir eins og björgun, enduraðlögun og endurhæfingu.

Miðvikudaginn 23. janúar síðast liðinn stóðu Allar heimsins konur fyrir viðamikilli ráðstefnu um Hnattvæðingu og nútíma fólksflutninga. Markmið ráðstefnunnar var að vekja athygli á stöðu kvenna og þeirra framlagi í gestalandinu og efla umræðuna hér á landi. Sérstök áhersla var lögð á að raddir kvenna af erlendum uppruna á Íslandi heyrðust.

Veistu þetta um kvennaathvarfið?



Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi er talskona Stígamóta en starfsemi Stígamóta er vel þekkt hér á landi. Hér á eftir fara helstu upplýsingar um Kvennaathvarfið á íslensku og ensku.

Kvennaathvarfið

- Húsaskjól og stuðningur til sjálfs-hjálpar
- Nafnleynd og trúnaður
- Samskipti við konur með svipaða reynslu
- Viðtalsþjónusta sem konur utan sem innan athvarfsins geta nýtt sér, munið að panta tíma í síma 561 1205
- Símaráðgjöf allan sólarhringinn í síma 561 1205
- Sjálfshjálparhópar, skráning í síma 561 1205

Kvennaathvarfið er rekið af frjálsum félagsamtökum; Samtökum um kvennaathvarf. Félagar í samtökunum kjósa sér stjórn á aðalfundi í upphafi hvers árs og er hún ábyrg fyrir rekstri athvarfsins. Að auki standa samtökin fyrir félagsfundi að hausti eftir tilefni og eru virkir umsagnaraðilar um opinbera stefnumótun í málum

er varða kynbundið ofbeldi. Þau eru sömuleiðis virk í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og eru í góðu samstarfi við önnur félagsamtök á því sviði.

Safe shelter for women

Safe shelter, for women and children when they are physically or psychologically abused in their own home by husband or other family member. The shelter also offers assistance for rape victims.

Helpline, call 561 1205. Women can call us for information and support at any hour. Others who need information about violence against women are also welcome to call us.

Support visits, where women can find support and information without staying at the safe shelter. Please call 561 1205 to make an appointment.

Sýnum ábyrga afstöðu Greiðum atkvæði

Munið að 10. mars lýkur atkvæðagreiðslu um kjarasamningana



Hef náð langt í lífinu á eigin verðleikum

- segir Emebet Merkuria frá Eþíópíu

Við upplifðum menningaráfall þegar við komum til landsins og það hafði mikil áhrif á samband okkar. Fyrirverandi maður minn hafði til dæmis verið ofbeldisfullur og stjórnsamur í Eþíópíu og hélt því áfram þegar við komum til Íslands. Slík hegðun var aftur á móti ekki ásættanleg hér á landi. Í Eþíópíu er lítið á konur sem annars flokks borgara og karlmenn hafa völd og rétt til að stjórna konum sínum og beita þær ofbeldi. Hér fannst honum hann vera að missa völdin og hann vissi að hann hefði ekki lengur rétt til að beita mig ofbeldi. Þetta gerði hann mjög reiðan. Ég gerði mér aftur á móti loksins grein fyrir að konur og karlar væru jöfn og mér leið í fyrsta sinn eins og manneskju og að ég ætti skilið virðingu. Eftir nokkra ára hjónaband með honum, miklar þjáningar og erfiðleika, ákváðum við að skilja.

Það hefði verið afar erfitt fyrir mig að skilja við þennan mann ef ekki hefði verið fyrir stuðning íslenskrar vinkonu minnar. Þessi kona veitti mér þær upplýsingar og þann stuðning sem ég þurfti

Er mjög þakklát að vera hér á Íslandi því hér gerði ég mér grein fyrir því að ég væri manneskja

til að koma skilnaðinum í gegn. Hún veitti mér einnig styrk og trú á sjálfri mér. Hún kom mér í skilning um að ég væri einhvers virði og að ég gæti bjargað mér sjálf. Hún hjálpaði mér einnig að komast í skilning um að ég væri fórnarlamb og að maðurinn minn væri ofbeldisfullur og fær um að eyðileggja líf mitt. Með hennar hjálp tókst mér að vakna til raunveruleikans og gera mér grein fyrir því að ég þurfti að gera eitt-hvað í mínum málum.

Stolt af sjálfri mér

Í dag er ég vinnusöm sjálfstæð kona sem hefur náð langt í lífinu á eigin verðleikum. Ég er mjög stolt af sjálfri mér og því sem ég hef áorkað. Ég geri mitt besta til að sjá fyrir börnum mínum, veita þeim gott og heilbriggt líf og gefa þeim alla ást

mína. Með því að leggja hart að mér náði ég að kaupa íbúð og bíl fyrir fjölskylduna mína. Ég er mjög þakklát að vera hér á Íslandi því hér gerði ég mér grein fyrir að ég væri manneskja, að ég væri einhvers virði, að ég væri sterk og að ég væri gáfuð. Í heimalandi mínu hafa konur engin völd en þegar ég kom hingað fann ég þann styrk sem þurfti til að berjast fyrir réttindum mínum og þeirri virðingu sem ég á skilið.

Ég vona að þessi orð mín gefi öðrum konum von þá og styrk sem þær þurfa til að standa á eigin fótum og öðlast sjálfstæði.

Hver er Emebet Merkuria frá Eþíópíu?

Hún heitir fullu nafni Emebet Merkuria og vann sem grunnskólakennari í Eþíópíu. Emebet kom til Íslands í janúar 2001 með þriggja ára dóttur sinni. Þáverandi eiginnmaður hennar var hér á landi. Þau fluttu til Íslands til að öðlast betri framtíð fyrir sig og barnið þar sem ástandið í Eþíópíu þvingaði þau til að yfirgefa landið í leit að betra lífi. Emebet flutti erindi á ráðstefnu allra heimsins kvenna og er kaflinn úr því.



María del Pilar Acosta Gómez

Grundvallaratriði að geta tjáð mig á íslensku

Ég hef verið 10 ár á Íslandi. Ég kom með það í huga að lenda í ævintýri og ævintýrið hélt áfram á Íslandi. Fyrsta árið skiptir miklu máli eins og fyrir alla innflytjendur. Það er árið þar sem gleðin blandast sorginni. Maður saknar fjölskyldunnar, vinanna, tónlistarinnar og menningarinnar að heiman. Óvissan um hvort sérþekking vegna menntunar komi til með að nýtast og hvort tíma og fé hafi

verið eytt til einskis og væntingarnar verði að engu. Í dag gleðst ég yfir að hafa ákveðið að gangast óvissunni á hönd og gefa þessu meiri tíma.

Það tók mig tvö ár að fá vinnuna sem ég er í núna og hún á stóran hlut í því hve ánægð ég er með lífið. Mér finnst íslenskan ein helsta hindrunin fyrir innflytjendur. Tungumálið er erfitt og krefst mikillar ástundunar, þolinmæði

og mikillar einbeitingar. En mér finnst grundvallaratriði að geta tjáð mig almennilega á íslensku og tekið þátt í hverskyns umræðum.

Hræðslan

Innflytjendur finna oft fyrir einhverskonar hræðslu. Hræðslu við að vera misskilin og hræðslu við að misskilja. Hræðsla við á vera vísað úr landi. Hræðsla við að verða fyrir aðkasti. Með árunum minnkar hræðslan en hverfur ekki. Við hættum aldrei að vera útlendingar. Með því að setjast að í öðru landi verður maður eiginlega útlendingur í sínu heimalandi. Maður dettur úr sambandi við það daglega heima. Missir jafnvel tókin á móðurmáli sínu, sem stöðugt breytist og þróast.


Hrifin af Íslandi

Þegar ég er spurð hvort ég sé hrifin af Íslandi, segi ég **JÁ** af heilum hug, ég er meðvituð um menningarmuninn og mismunandi veðurfar. En ég ákvað líka að hamingjan er bara spurning um viðhorf og ákvað að leita eftir því sem er líkt í þessum ólíku menningarheimum. Umfram allt að læra. Einn aðalkostur íslendinga er umburðarlyndi. Í Kólumbíu er ekki sjálfsagt mál að vera ósammála vinnuveitanda, foreldrum, vinum. Skoðanafrelsi er ekki allsstaðar sjálfsagt.

Ég met Ísland fyrir viðleitnina að aðlagast sig að miklum þjóðfélagsbreytingum. Ég tel Ísland vera land tækifæra. Ég tel að ef við þurfum að leggja okkur ennþá meira fram. Ef við þurfum að fórna meiru þá verðum við að gera það til að aðlagast fyrir.

Um María del Pilar Acosta Gómez

Hún heitir fullu nafni María del Pilar Acosta Gómez. Hún er móðir og verkfræðingur, fæddist í Kólumbíu og er íslenskur ríkisborgari í dag.



Danfoss tengigrindur fyrir hitakerfi

Sérhannaðar tengigrindur fyrir íslenskar aðstæður
Vönduð vara úr ryðfríu efni

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita- og snjóbræðslukerfi og fl.
Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á
tengigrindum fyrir hitakerfi



Danfoss 75
1933 • 2008

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri ásamt samstarfsskonu á skrifstofu InterCultural Ísland

Hvað fannst þér erfiðast við að flytja til Íslands?

– Eftir Guðrúnu Pétursdóttur, félagsfræðing og framkvæmdastjóra InterCultural Ísland

Erfiðast var auðvitað fyrst að skilja ekki tungumálið og verða bjargarlaus eins og barn, en það lagaðist smám saman. Næst erfiðast voru fordómarnir. Að átta sig á að fólk liti á mig sem annars flokks manneskju, án þess að þekkja mig neitt. Það hefur því miður ekkert breyst... uppruni minn leynir sér ekki.

Að flytja í nýtt land er ekki auðveld ákvörðun og það þarf hugrekki og dug til að taka svo stórt skref og flytja búferlum milli landa. Sérstaklega er ákvörðunin erfið þegar til stendur að flytja til lands þar sem er talað tungumál sem maður skilur ekki orð í, er kalt og vindasamt og þar að auki dýrasta land í heimi. Hvað rekur fólk til slíkra flutninga? Algengasta ástæðan fyrir fólksflutningum

hefur alltaf verið sú að á einum stað vantar fólk til vinnu á sama tíma og á öðrum stað er skortur á atvinnu eða lífsviðurværi. Oft ætla fólk sér í upphafi ekki að dvelja nema nokkra mánuði eða ár í nýja landinu en margir flengjast, eignast fjölskyldu og börn sem síðan líta á þetta „nýja land“ sem sitt föðurland.

Ekki „alvöru“ Íslendingar

En hvað er átt við með tilvitnuninni hér að ofan? Hvað á fólk við þegar það segist upplifa sig sem annarsflokks manneskju í þjóðfélaginu? Það sé látið finna fyrir því að það sé ekki „alvöru“ Íslendingar, bara gestir sem eiga að haga sér eins og gestir og virða húsbændurnar á heimilinu. Eru þeir sem hingað flytja, hér lifa og starfa, ala börnin sín hér upp

og eru jafnvel fæddir hér og uppaldir, virkilega gestir? Í mínum huga eru þeir það ekki. Þeir eru fullgildir íbúar, virkir þjóðfélagsþegnar.

Fæstir óska sér samfélags þar sem íbúarnir eru flokkaðir niður eftir einkennum eins og líkamlegri getu, kynhneigð, útliti eða uppruna. En það er einmitt það sem gerist þegar fólk alhæfir um ákveðna eiginleika, um stóra hópá fólks og dæmir allan hópinn út frá staðalmyndum. For-dæmir. Staðalmyndir fela í sér flokkun fólks og alhæfingar um alla einstaklinga sem tilheyra þessum ákveðna hóp og á grundvelli þeirra er fordæmt.

Þegar settar eru fram alhæfingar um ákeðna hópá fólks er um að ræða staðalmyndir. Þar sem ganga má út frá því sem vísu að engar tvær manneskjur séu nákvæmlega eins, sama hvaða hópum þær tilheyra, má fullyrða að staðalmyndir gefi aldrei annað en ranga eða yfirborðslega mynd af einstaklingnum. Staðalmyndir lærast eftir ýmsum leiðum og hefst sá lærdómur strax á unga aldri. Dæmi um þetta mætti nefna þegar þjóðerni afbrotamanna eru nefnd og tönnlast

á því sem aðalatriði í fréttum. Það er ein leið til að byggja upp fordóma gagnvart útlendingum.

Neikvæður fréttaflutningur um afbrotamenn af erlendum uppruna

Þessar neikvæðu hugmyndir um ákveðna hópa samfélagsins stöðvast því miður ekki í kollinum á fólki heldur hafa beinlínis áhrif á hegðun þess gagnvart einstaklingum sem tilheyra viðkomandi hópum. Sumt fólk hefur sjálft svo lágt sjálfsmat að það þarf að gera lítið úr öðrum til að lyfta sjálfum sér á hærra plan. Aðrir hafa upplifað neikvæða reynslu af einhverjum sem tilheyrir viðkomandi hóp en flestir hafa heyrt sögur eða lesið fréttir þar sem dregin var upp neikvæð alhæfð mynd af viðkomandi hópi. Þegar neikvæðum fréttaflutningi er haldið að okkur um afbrotamenn þar sem uppruni fólks virðist stundum mikilvægari en afbrotið þá getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir aðra sem tilheyra sama hópi fólks.

Ekki raunveruleiki

Ef við sættum okkur við framsetningu af þessu tagi þá erum við að setta okkur við fordómafullt andrúmsloft í samfélaginu. En það skýtna er að staðhæfingarnar hafa ekkert með raunveruleikann að gera. Raunin er sú, samkvæmt árs-skýrslu Ríkissaksóknara að á árinu 2006 voru 93% allra glæpa framdir af Íslendingum og 2/3 annarra glæpa af erlendum ferðamönnum sem alls ekki búa á Íslandi. Ástæðan fyrir þessari tilfinningu um hættulega útlendinga er því að finna í neikvæðum staðalmyndum sem við lærum úr umhverfinu.

Sá sem hefur orðið fyrir einelti einhvern tímann á lífsleiðinni veit að þetta eru oft nákvæmlega sömu atriði og fylgja einelti; vanmáttarkennd, sárindi, kvíði, bjargarleysi, uppnám en líka stundum reiði.

Þessi duldu form fordóma geta virst lítilvæg þegar við upplifum þau einu sinni

Raunin er sú, samkvæmt árs-skýrslu Ríkissaksóknara að á árinu 2006 voru 93% allra glæpa framdir af Íslendingum og 2/3 annarra glæpa af erlendum ferðamönnum sem alls ekki búa á Íslandi



eða tvisvar, en þegar það verður að viðvarandi ástandi að okkur sé sýnt virðingarleysi og niðurlægning þá er það ekki lítilvægt lengur og það getur soðið upp úr við minnsta tilefni.

Það er gott að hafa það í huga þegar okkur finnst einhver bregðast óþarflega hart við hegðun eða athugasemd, sem okkur þykir saklaus eða jafnvel sögð í meintu gríni, að ef til vill er viðkomandi að heyra sambærilegt „grín“ um sjálfan sig í hundraðasta sinn og finnst það ekki fyndið lengur.

Öll á sama báti

Það er því mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir að við erum öll á sama báti. Við búum saman í einu samfélagi með mörgum ólíkum einstaklingum og hópum, sem allir hafa það sameiginlegt að vera þegnar þessa lands, greiða skatta og skyldur og taka sameiginlega þátt í uppbyggingu þess. Til þess að hæfni, geta, reynsla og þekking allra nýtist, óháð uppruna, þjóðerni, kyni eða öðrum ytri einkennum, þarf að vera til staðar gagnkvæm virðing og traust milli þegnanna. Íslenska þjóðin er í vexti, samfélagið í framþróun og til þess að það megi halda áfram þarf fólk. Allskonar fólk.

Nokkrar birtingarmyndar fordómanna

Hvernig er hægt að þekkja helstu birtingarmyndir fordóma? Nokkur dæmi skulu tilfærð hér:

- Við útilokum einstaklinga frá hópnum.
- Við hunsum þ.e. við látum sem einhver sé ekki til, heyrum ekki þegar hann talar, göngum burt þegar hann ávarpar okkur o.s.frv.

- Beitum niðrandi uppnefnum sem tengjast útliti okkar, uppruna eða öðrum einkennum.
- Við særum með niðurlægjandi athugasemdum og bröndurum. Brandari á kostnað persónu okkar getur verið fyndinn einu sinni en ekki aftur og aftur.
- Við tölum niður til fólks t.d. með því að ræða við það eins og börn vegna þess að það talar litla íslensku.
- Við tölum við fólk í þriðju persónu þó það sé viðstatt.
- Það er gengið fram hjá því þegar kemur að stöðuhækkunum eða réttindum.

Andlegt áreiti

„Ég get ekki sagt þér orðin sem eru kölluð á eftir mér úti á götu af fólki sem þekkir mig ekki neitt – þetta eru svo dónaleg orð. Kannski halda þau að ég skilji ekki...“

Oftast reyni ég bara að fara beint heim úr vinnunni og vera sem mest heima, þá segir enginn neitt slæmt við mig eða hlær að mér. Sumir eru samt mjög vinnu-gjarnlegir.“

Guðrún Pétursdóttir er félagsfræðingur og flutti erindi á ráðstefnu Allra heimsins kvenna



www.efling.is



Áhugaverðir námskostir í Borgarholtsskóla

Boðið upp á nám síðdegis og nám á netinu

Í Borgarholtsskóla er í boði nám eftir mismunandi námsleiðum fyrir fólk sem er á vinnumarkaði. Nemendur geta valið um hversu margar greinar þau taka hverju sinni. Um er að ræða félagsliðanám og nám fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskóla, skólaliða og leiðbeinendur í leikskóla.

Síðdegisnám: Kennsla fer fram í Borg-

arholtsskóla frá kl. 15:00-17:10 mánudaga – fimmtudaga.

Dreifnám: Byggist á verkefnavinnu og umræðutímum sem fara fram einu sinni í viku á netinu og kennslu í þrem staðbundnum lotum á önn sem fram fara í Borgarholtsskóla.

Upplýsingar um skipulag námsins má

Um er að ræða félagsliðanám og nám fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskóla, skólaliða og leiðbeinendur í leikskóla

finna á heimasíðu skólans www.bhs.is. Frekari upplýsingar veitir Sigrún Sigurðardóttir kennslustjóri í síma 535-1700 og gsm 694-4959.

”

Vissir þú að Sjúkrasjóður Eflingar styrkir sjóðfélaga vegna sjúkra- og endurhæfingar um kr. 1.500.- fyrir hvert skipti í allt að 25 skipti á hverjum 12 mánuðum?

Með sjúkra- og endurhæfingu er átt við meðferð hjá sjúkraþjálfara, sjúkra- eða heilsunuddara, iðjuþjálfra, talþjálfra, næringarráðgjafa eða kírópraktor.

“

Skrifstofa Eflingar

Viðtalstímar lögmannna



Anna Lilja Sigurðardóttir



Karl Ó. Karlsson

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli kl. 13.00 og 16.00. Það eru lögmennirnir Karl Ó. Karlsson og Anna Lilja Sigurðardóttir frá lögmannsstofunni LAG lögmenn sem eru til aðstoðar. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.


Cancer screening

A new form of reimbursement

As of January 2008 the Union membership fees have decreased by 30%. Therefore the Union decided to cut down cost by not issuing membership cards. These membership cards have mainly been used for cancer screening at the Icelandic Cancer Society. The cancer screening is free for members of Efling. From now on members will have to pay for the cancer screening and bring the receipt to the Union office for reimbursement. The receipt can also be sent by mail to Efling Trade Union, Sætún 1, 105 Reykjavík, with bank account number and phone number written on it. As before, members will receive full reimbursement of the cancer screening fee (3000kr).

Átak til að fjölga heimsóknnum erlendra kvenna í grunnskoðun hjá Krabbameinsfélaginu

– Segir Guðrún Kr. Óladóttir, sviðsstjóri sjúkrasjóða Eflingar

Guðrún Kr. Óladóttir segir að við skoðun á dreifingu félagsmanna eftir þjóðerni hafi komið í ljós að erlendir ríkisborgarar eru að sækja styrki til Sjúkrasjóðs Eflingar í réttu hlutfalli við fjölda þeirra í félaginu. Eina undantekningin frá þessu er að erlendar konur sem fara í grunnskoðun hjá Krabbameinsfélaginu eru um helmingi færri en þær ættu að vera.

Skýring á þessum mun er trúlega menningarlegur, en rík hefð er hjá íslenskum konum að fara reglulega í krabbameinsskoðun. Af þessum sökum hafa Krabba-

meinsfélagið og Sjúkrasjóður Eflingar ákveðið að snúa bókum saman og hefja átak til að ná betur til erlendra kvenna, með útgáfu veggspjalds á nokkrum tungumálum sem dreift verður á vinnustaði.

Skipulögð leit að krabbameini stuðlar að því að dánartíðni af völdum legháls- og brjóstakrabbameins er einna lægst í heiminum á Íslandi. Reglubundin leghálsskoðun er eina aðferðin til að finna forstíg leghálsskrabbameins. Bati er þá nær öruggur. Reglubundin röntgenmyndataka af brjóstum er besta

aðferðin til að finna brjóstakrabbamein á byrjunarstigi, þá eru batahorfur góðar.

Skráðu þig því í skoðun þegar boðið berst þér frá Krabbameinsfélaginu!



www.efling.is



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Plötusmíði

A góðum jámum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Áfall fyrir sænsk stéttarfélög

Úrskurður EB-dómstólsins í Vaxhólmsmálinu óhagstæður verkalýðssamtökunum

– Eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson, framkvæmdastjóra

Á sænskum byggingavinnustað

Fyrir um það bil þremur árum varð harður ágreiningur á milli samtaka sænskra byggingamanna, Byggnads, og lettnesks fyrirtækis. Ágreiningurinn vakti mikla athygli hér í Svíþjóð og víðar. Meðal annars var þá fjallað um málið í Eflingarblaðinu. Deilan gekk undir nafninu Vaxhólmsmálið og var kennd við bæinn í Svíþjóð þar sem verkalýðshreyfingin og lettneskt fyrirtæki tókust á um grundvallarkjör í Svíþjóð.

Málavextir voru í stuttu máli þessi: Fyrirtækið L & P Baltic Bygg tók að sér að reisa viðbyggingu við grunnskóla í bæn-um Vaxholm, skammt frá Stokkhólmi. Lettneska fyrirtækið Laval un Partneri leigði byggingafyrirtækinu lettneska starfsmenn til verksins. Í júní 2004 fór Byggnads fram á að Laval skrifaði undir samning á sama hátt og sænsk fyrirtæki í byggingariðnaðinum gera. Laval féllst ekki á að gera samning við Byggnads en skömmu síðar undirritaði fyrirtæk-

ESB-dómstóllinn felldi nýlega þann úrskurð um að aðgerðir Samtaka byggingamanna gegn lettnesku byggingafyrirtæki samræmdust ekki rétti evrópskra fyrirtækja um að starfa frjálst í löndum bandalagsins

ið samning við samtök byggingamanna í Lettlandi. Þar með störfuðu starfsmennirnir vissulega samkvæmt samningum, en á mun lægri launum en sænskir byggingmenn.

Verkbann

Við þetta gat Byggnads ekki unað og lýsti yfir verkbaninu á byggingastaðnum.

Fulltrúar Byggnads meinuðu lettnesku starfsmönnum aðgang að vinnusvæðinu. Deilan stóð í hámarki í nóvember og desember 2004. Vorið 2005 var málið tekið fyrir af sænska félagsdómnum, sem dæmir í vinnudeilum og öðrum ágreiningi stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda. Félagsdómur ákvað að fresta dómsúrskurði þar til fengin væri umsögn EB-dómstólsins (Evrópudómstólnum). Félagsdómur vildi vita hvort dómstóllinn teldi aðgerðir Byggnads samræmast reglum Evrópubandalagsins um frelsi evrópskra fyrirtækja að reka starfsemi í löndum bandalagsins. Um svipað leyti varð samkomulag á milli Laval og sveitarfélagsins um að rifta samningnum um verkið og Lettarnir hurfu á braut.

Samræmist ekki reglum ESB

Loks í desember 2007 felldi EB-dómstóllinn þann úrskurð að aðgerðir samtaka sænskra byggingamanna í Vaxhólmsmálinu samræmdust ekki reglum Evrópu-

sambandsins um frjálsan rétt fyrirtækja innan bandalagsins til að reka starfsemi og þjónustu í öðrum löndum bandalagsins en því landi sem fyrirtækið hefur aðstöðu sína og er skráð.

Sænski félagsdómurinn hefur ekki fellt sinn endanlega úrskurð en flestir telja að álit EB-dómstólsins hafi afgerandi þýðingu fyrir þann úrskurð sem félagsdómur fellir. Úrskurðar félagsdóms er að vænta vorið 2008.

Úrskurður EB-dómstólsins er því áfall fyrir samtök sænskra byggingamanna og fyrir sænsku verkalyðshreyfinguna alla. Grundvallarviðhorf verkalyðshreyfingarinnar er að samningar sem sænsk stéttarfélög gera við samtök atvinnurekenda og einstök fyrirtæki í Svíþjóð eru lágmarkssamningar. Það felur í sér að aðrir aðilar sem starfa í landinu geta ekki gert aðra og lakari samninga um laun og önnur kjör fyrir sambærileg störf. Þetta er einn af hornsteinum starfs stéttarfélaga og samskipta þeirra og atvinnurekenda. Um þetta snýst Vaxhólmsdeilan og þess vegna voru við-

brögð byggingamanna jafn hörð og þau voru.

Hörð viðbrögð ASÍ í Svíþjóð

Viðbrögð sænska alþýðusambandsins, LO, við álit EB-dómstólsins eru skörp. Algjörlega óviðunandi, segir formaður LO, **Wanja Lundby-Wedin**. Álit dómstólsins felur í sér að sænsk og erlend fyrirtæki sitja ekki við sama borð, segir hún og krefst þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sett verði lög sem tryggja jafnræði fyrirtækja sem starfa í landinu. Fulltrúar samtaka sænskra atvinnurekenda fagna hins vegar niðurstöðu ESB-dómstólsins sem þeir telja óvenju skýra. Álit dómsins tryggir enn frekar en áður rétt fyrirtækja til reksturs í ólíkum löndum bandalagsins, segir framkvæmdastjóri samtaka sænskra atvinnurekenda. Sænskir atvinnurekendur telja að þau álitamál sem Vaxhólmsmálið hefur vakið sýni að samtök vinnumarkaðarins eigi að leysa í samningum sín á milli, en ekki að láta löggjafarvaldið um þau.

Sven Otto Littorin, sem er vinnumála-

ráðherra í sænsku ríkisstjórninni, hefur lýst yfir vonbrigðum með niðurstöðu EB-dómstólsins. Skoðun ríkisstjórnarinnar er að í þessu efni eiga samningar sænskra stéttarsamtaka og samtaka sænskra atvinnurekenda að gilda, segir ráðherrann. Littorin hefur sagt að það sé rétt að breyta lögum þannig að sænsk stéttarfélög hafi ótvíræðan rétt til að semja við erlend fyrirtæki, þrátt fyrir að fyrirtækin hafi undirritað samninga í sínum heimalöndum. Undirbúningur slíkra laga er þegar hafinn og náð samráð verður haft við aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið er m.a. að erlend fyrirtæki, sem vilja starfa hér, geri sér ljóst hvaða reglur gilda í Svíþjóð, sagði ráðherrann nýlega í blaðaviðtali.

Vaxhólmsmálinu er ekki enn lokið en skólinn er fullbúinn fyrir löngu síðan. Ef til vill hafa börnin sem þar eru, lært meira í samfélagsfræði en flestir aðrir jafnaldrar þeirra.

Höfundur er yfirmaður fræðslusambanda í Örebro í Svíþjóð. Hann gengdi á árum áður stöðu framkvæmdastjóra MFA hér á landi



Hlýtt í vetur

Á köldum og dimmum vetri er nauðsynlegt að fá bæði fallegan lit í tilveruna og yl í kroppinn og hjúfra sig inni í hlýjunni yfir heitri súpu eða pastarétti frá Knorr.

Alltaf einfalt, litríkt og gott með Knorr!





Viðar Ottesen á athyglisverðan feril að baki

Ljúft samstarf við félaga mína

Viðar Ottesen á stjórnarfundum þar sem nýgerðir kjarasamningar voru kynntir

Viðar Ottesen er meðal þeirra sem hætta í stjórn Eflingar í vor en hann hefur verið í stjórninni allt frá síðustu sameiningu félaganna árið 2000. Viðar á sér merkilegan feril að baki en hann starfar nú við hverfastöð Sorpu í efra Breiðholti og þangað lögðum við leið okkar. Viðar sagðist hafa ráðið sig til starfa hjá Sorpu í ágúst 1991 að frumkvæði góðs vinar sem var verkstjóri hjá fyrirtækinu. Hann var hóteldhaldari á Hótel Höfn á Siglufirði í ellefu ár og var þá nýfluttur með fjölskylduna til Reykjavíkur. Ég hafði nú ekki áhuga á að fara aftur í gamla starfið, segir hann. Þar vísar Viðar til þess tíma þegar hann var einn af þekktustu veitingamönnum landsins en margir muna enn þann dag í dag eftir Viðari og Símoni á Naustinu. Við spyrjum hann nánar um það.

Jú, það var þannig að Naustið var einn helsti veitingastaðurinn í Reykjavík. Halldór Gröndal og nokkrir skólafélagar hans hófu rekstur staðarins 6. nóvember 1954 og þar byrjaði ég í námi í framreiðslu 1956 og útskrifaðist 1960 og vann sem þjónn í veitingasalnum á neðri hæðinni til ársins 1963. Þann 4.

Til veislunnar hafði Svíakonungur flutt með sér gulli sleginn silfurborðbúnað. Ég átti að sjá um fjóra gesti og yfirbryti konungs taldi í okkur hnífapörin og þegar borðhaldinu lauk varð ég að skila borðbúnaðinum aftur til yfirbrytans

ágúst 1963 byrjaði ég á barnum á loftinu með Símoni Sigurjónssyni. Samstarf okkar var alla tíð mjög gott og aðspurður sagði Símon að sambúðin okkar væri betri en besta hjónaband.

Viðar segir að þeir félagar hafi átt mjög gott samstarf við gestina og eignast marga góða vini í þeirra hópi. Við fengum Halldór heitinn Pétursson til þess að teikna myndir af okkur og létum útbúa jólakort og sendum völdum hópi fastakúnna. Oftast voru nokkur kort afgangs handa gestum og gangandi og yfirleitt voru þau fljót að hverfa. Stundum var ástandið á viðskiptavin-

unum sem komu á hádegisbarinn hálf aumt og sumir gátu ekki lyft glasi. Þá setti maður strá í glösin svo þeir gætu sopið fyrsta sopann, segir hann.

Karl Gústaf á Naustinu

Viðar segir að Naustið hafi verið vinsæll staður fyrir veislur og fundi og stundum hafi erlendir þjóðhöfðingjar og fylgdarlið komið í kvöldverð í boði opinberra aðila. Ég man sérstaklega eftir veislu sem Karl Gústaf Svíakonungur hélt þegar hann kom í fyrsta sinn í opinbera heimsókn til Íslands. Ástæðan er sú að það voru bara tvær konur í veislunni, Halldóra Eldjárn, forsetafrú og eiginkona sænska sendiherrans á Íslandi. Ráðherrar í ríkisstjórninni og aðrir gestir mættu án eiginkvenna sinna.

Til veislunnar hafði Svíakonungur flutt með sér gulli sleginn silfurborðbúnað. Ég átti að sjá um fjóra gesti og yfirbryti konungs taldi í okkur hnífapörin og þegar borðhaldinu lauk varð ég að skila borðbúnaðinum aftur til yfirbrytans. Oft fengum við líka frægt fólk í heimsókn og ég man sérstaklega eftir leikkonunni Miu Farrow sem var gift Frank Sinatra.

Bobby Fisher, Mia Farrow, Gylfi Þ og Bjarni Ben

Bobby Fisher kom líka oft í mat þegar hann tefldi við Boris Spasky um heimsmeistaratitilinn í skák í Laugardalshöllinni. Básarnir höfðu allir sitt nafn og hann settist alltaf í sama básinn sem hlaut nafnið Þór og var afsíðis í salnum. Stundum kom hann í fylgd með öðrum og stundum einn og þá fann maður að hann vildi vera í friði. En hann var alltaf tilbúinn að gefa eiginhandarátitanir á stimulð umslög sem gefin voru út á meðan að Heimsmeistaramótið stóð yfir. Það komu líka margir eftirminni-legir Íslendingar til okkar og borðuðu í hádeginu og á kvöldin. Einu sinni komu Bjarni Benediktson, forsætisráðherra og Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra í mat á miðvikudagskvöldi sem þá var þurr dagur. Ef undan var skilið tím-inn frá klukka sjö til níu um kvöldið en það mátti afgreiða léttvín. Þeir komu skömmu fyrir klukkan níu og hún var orðin níu þegar þeir pöntuðu matinn og léttvín. En ég varð að neita þeim um léttvínið, vegna þess að eftirlitsmaðurinn sem fór á milli veitingahúsa og fylgdist með að banninu væri framfylgt, stóð uppi á palli og horfði yfir salinn. Ráðherrarnir tóku því bara nokkuð vel enda áttu þeir ekki annan kost vegna þess að þeir áttu þátt í að setja bannið.

Sigraði tvisvar á móti barbjóna

Viðar keppti nokkrum sinnum á Íslandsmóti barbjóna og vann tvisvar sigur í flokkrum sætum kokteilum. Í framhaldi að því keppti hann á alþjóðlegum mótum 1969 og 1976 í St. Vincent á Ítalíu og lenti í hópnum sem varð í öðru sæti í bæði skiptin.

Það má líka nefna það að Naustið var fyrsti veitingastaðurinn sem bauð uppá súran þorramat á Þorranum. Halldór Gröndal tók upp þennan gamla íslenska sið og þorramaturinn var borinn fram í trogum einsog tíðkaðist í gamla daga. Mig minnir að þetta hafi byrjað árið 1956 eða 1957 og það varð strax mjög vinsælt að fara í Naustið og borða þorramat. Þá þekktist varla að súr þorramatur væri borðaður á heimilum og Halldór var fyrstur manna til þess að kynna þorramatinn á ný fyrir þjóðinni og núna kann unga fólki líka að meta þennan mat, segir hann.

Jafnræði milli kynja og starfsgreina

Afskipti mín af félagsmálum voru þau að ég gekk í Verkamannafélagið Dagsbrún þegar ég hóf störf í Sorpu og stuttu

seinna fór ég á trúnaðarmannanámsskeið og hitti þá góðkunningja minn, Sigurð Bessason, sem síðar varð formaður Eflingar. Hann hvatti mig til þess að taka þátt í félagsmálum í félaginu og síðan leiddi hvað af öðru. Við höfum alltaf reynt að hafa jafnræði milli kynja í stjórninni og yngja upp eftir bestu getu. Við höfum líka haft til hliðsjónar að velja fólk í stjórnina úr sem flestum starfsgreinum innan félagsins.

Samstarfið við aðra stjórnarmenn hefur verið mjög ljúft en auðvitað erum við ekki alltaf sammála. Ég hef mínar skoð-



Viðar Ottesen lenti í öðru sæti ásamt fleiri þátttakendum á alþjóðlegu móti barbjóna í San Visant á Ítalíu árið 1969. Viðar keppti í flokki sætra kokteila og hlaut verðlaun fyrir drykkinn „The Fugitive“ eða „Flóttinn“ á íslensku



Hópmynd t.v. Símon Sigurhjártarson, Viðar Ottesen, Guðni Jónsson, skrifstofustjóri, Ib Westmann, yfirkokkur og Geir Zoega sem tók við starfi framkvæmdastjóra þegar Halldór Gröndal fór í prestsnám

anir á málum og tjái mig um þær og það gera aðrir stjórnarmenn líka. En við vinnum alltaf í sátt að viðfangsefnum og finnum oftast bestu lausnina, segir hann.

Þakka öllum

Viðar vill nota þetta tækifæri og þakka öllum sem hefur átt samleið með honum í stjórn Dagsbrúnar og Eflingar og á öðrum vettvangi innan félaganna og starfsfólki félaganna. Svo vona ég að félagsmenn standi þétt við bakið á því fólki sem starfar fyrir félagið núna og í nánustu framtíð. Ég vil líka beina því til félagsmanna að kynna sér hvaða réttindi þeir hafa í sjóðum félagsins og fara vel yfir kjarasamningana sem unnið er eftir á vinnustöðum þeirra. Ef við gætum ekki að hagsmunum okkar sjálf, getum við engum öðrum kennt um nema sjálfum okkur, sagði Viðar að lokum.

Um Viðar Ottesen

Viðar var trúnaðarmaður félagsmanna Dagsbrúnar og síðar Eflingar sem unnu hjá Sorpu og var kosinn í fræðslunefnd og trúnaðarráð Eflingar. Hann sat á þingum Alþýðusambands Íslands, Verkamannasambands Íslands og Starfsgreinasambandsins eftir að það var stofnað. Hann var einnig í stjórn Vinnudeilusjóðs í nokkur ár. Þá var Viðar Ottesen í mörg ár formaður uppstillinganefndar Eflingar en nefndin hefur það vandasama hlutverk að stilla upp frambjóðendum til stjórnar, trúnaðarráðs og stjórna sjóða félagsins.



Sindri lét drauminn rætast

Stefnir á rafiðnaðarmanninn

- segir Sindri Viborg

Fyrir þremur árum birtist viðtal við Sindra Viborg hér í Fréttablaði Eflingar í tilefni að því að hann lauk námi í jarðlagnatækni á þeim tíma. Í viðtalinu kom m.a. fram að hann dreymdi um að fara í nám í Grunndeild rafiðna í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Við hittum Sindra fyrir skömmu til þess að forvitnast um hvort að hann hefði látið draum sinn rætast.

Sindri Viborg útskrifaðist úr jarðlagnatækninámi á vegum Eflingar og Mímis-símenntunar vorið 2005. Af því tilefni birtist viðtal við hann í Fréttablaði Eflingar þar sem m.a. kom fram að hann hefði ákveðið sækja um inngöngu í Grunndeild Rafiðna í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Ég ákvað að láta gamlan draum rætast, vegna þess að ég hef alltaf haft brennandi áhuga á öllu sem tengist rafmagni, sagði Sindri.

Fyrir skömmu hittum við Sindra á heimili hans í Breiðholti til að forvitnast um hvort draumurinn hefði ræst. Sindri segist hafa byrjað í námi í ravirkjun í Fjölbrautaskólanum haustið 2005 og hann sé búinn með grunndeildina, hluta af þriðju önn og almennar greinar.

Ég á bara eftir faggreinar og samnings-tímabilið, segir hann. Hann er ennþá að vinna hjá Orkuveitunni en flutti sig yfir í götuljósadeild þegar hann byrjaði í náminu. Svo stendur til að ég fari yfir í aðra rafiðnaðartengideild þegar ég er búinn með fæðingarorlofið mitt.

Fór of geyst af stað

Aðspurður hvað hann eigi mikið eftir af náminu segist Sindri hafa farið of geyst af stað. Ég var í kvöldskóla og var að taka jafn margar einingar og krakkarnir í dagskólanum og það var full mikið. En ef ég tek þessu rólega þá klára ég námið skólaárið 2009 til 2010. Ég á eftir þrjár og hálfa önn og það eru eingöngu faggreinar eftir segir hann. Aðspurður um hvernig honum hafi tekist að sameina námið vinnunni segir Sindri að það hafi tekist enda var ég að taka um tutugu einingar þegar ég tók mest. Ég var

í kvöldskóla með 120% vinnu og vann 50 til 60 tíma á viku og var svo í skólanum til klukkan ellefu fjögur kvöld í viku. Svo var ég vinnu dagskólanum á laugardögum, þannig að ég átti frí á föstudagskvöldum og sunnudögum til þess að læra.

Sindri segir að jarðlagnatækninámið hafi orðið til þess að launin hans hafi hækkað verulega strax að námi loknu. Síðan hafi námið sem hann stundar núna opnað sér möguleika á fjölbreyttari vinnu innan fyrirtækisins. Það má líka segja að jarðlagnatækninámið og launahækkanir sem fylgdu í kjölfarið hafi gert mér kleift að fara í rafiðnaðarnámið. Hann er að skoða nokkra möguleika til frekara náms eins og rafiðnaðarvinnu sem tengist virkjunum. Svo er hann líka spenntur fyrir rafrásam og díóðum. Það er eitthvað sem maður gæti pælt í, segir hann.

Þegar upp er staðið þá er ég rosalega ánægður að hafa að hafa farið í þetta nám. Sindri á son sem er fimm mánaða og er í tveggja mánaða fæðingarorlofi.

Það má líka segja að jarðlagnatækninámið og launahækkanir sem fylgdu í kjölfarið hafi gert mér kleift að fara í rafiðnaðarnámið

Efling-stéttarfélag

Sjálfkjörið í forystu

Sjálfkjörið var í forystu Eflingar-stéttarfélags þar sem aðeins kom fram eitt framboð, þ.e. uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs, að þessu sinni. Þetta þýðir að formaður, Sigurður Bessason og 2. varaformaður Guðmundur Þ Jónsson eru sjálfkjörnir.

Nokkir nýir stjórnarmenn bættast í hópinn á komandi aðalfundi 23. apríl nk. Það eru Theodóra Theodórsdóttir, sem starfar á Grund, Ingvar Vigur Halldórsson, sem vinnur í Efnamóttökunni, Stanislaw Bukowski hjá Garðyrkjuþjónustunni, Sigurey Agata Ólafsdóttir hjá Össuri og Jóhann Harðarson hjá Eimskipum.




Efling-stéttarfélag

Félagsgjaldið er nú 0,7%

Vakin er athygli á því að þann 1. janúar 2008 lækkaði félagsgjald til Eflingar-stéttarfélags úr 1% í 0,7%. Þessi lækkun

á við um alla kjarasamninga félagsins, hvort sem er á almenna markaðnum eða þeim opinbera.

0,7%



Reykjavík frá sérstöku myndhorni

Haustið 1939 fær Verkavennafélagið Framsókn tvö glæsilega innbundin heillaóskaskeyti á tuttugu og fimm ára afmæli sínu. Með skrautrituðu skjalinu er þessi nokkuð sérstaka mynd af Reykjavík. Sjónarhornið er annað en það sem við oftast sjáum á myndum frá þessum tíma. Líklegt er að myndin sé tekin frá turni Landakotskirkju eða úr glugga á efstu hæð elsta Landakotsspít-

alans sem var stórt og glæsilegt timburhús frá 1902.

Ljósmyndari er ekki þekktur og ártal ekki öruggt en líklegast er að myndin sé tekin um þetta leyti og jafnvel af þessu tilefni, afmæli Framsóknar, því félagið fær tvö heillaóskaskeyti með þessari sömu mynd innbundinni.

Þjóðleikhúsið er þarna í smíðum og Safnahúsið ljómar við síðdegisbirtunni. Inn með Skúlagötunni eru Kveldúlfbyggingarnar og Sláturfélag Suðurlands og við getum spreytt okkur á að bera kennsl á byggingar og kennileiti á þessari mynd sem sýnir svo óvenju vel nágrenni Reykjavíkur eins og það leit út 1939 eða þar um bil.



Orlofsblaðið 2008

Skemmtilegar ferðir innanlands og utan

Orlofsblað Eflingar stéttarfélags er nú að koma út samhliða þessu félagsblaði.

Þar getur þú kynnt þér þá orlofsmögu-leika sem félagsmönnum stendur til

boða á árinu 2008.

Í júní verður farið til Kanada. Tvær ferðir eru í boði. Byrjum að bóka í þær ferðir 6. mars.

Tvær ferðir verða innanlands önnur á Snæfellsnes og hin í Papey. Byrjum að bóka í þær ferðir 3. mars.

Við hvetjum áhugasama félagsmenn að kynna sér vel allt um ferðirnar og húsín okkar í orlofsblaðinu.

Munið að þegar skráð er í ferðirnar er það „fyrstur kemur, fyrstur fær“ og þeir sem mæta á skrifstofu ganga fyrir skráningu þeirra sem hringja.

Sumum þykir erfitt að taka ákvarðanir í febrúarlök hvað gera skuli í sumar en tíminn er ótrúlega fljótur að líða og ekki seinna vænna en að huga að sumri.

Allar upplýsingar er að finna í orlofsblaðinu og því mikilvægt að geyma það og hafa við höndina!

NORRÆNA

Njóttu ferðamatans!

DANMÖRK
Verð frá kr.
29.400,-

Miklað við einum sem ferlast með motorhúsi til Danmerkur og til baka. Gest í svefnpokalæssi og ferðast á lágannatímalíti.

Færeyjar
Danmörk
Noregur
Skotland

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfirði • Sími: 472 1111
austfar@smryril-line.is • www.smryril-line.is



smryril-line.is



NORRÆNA
SMYRIL LINE ÍSLAND
FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhýl 1 • 110 Reykjavík • Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 • info@smryril-line.is



Mímir-símenntun

Viltu fara á skemmtileg námskeið í vetur?

Nú eru fjölmörg skemmtileg námskeið sem eru að fara af stað hjá Mími-Símenntun en fjölbreyntin er slík að erfitt er að velja úr þeim mikla fjölda áhugaverðra námskeiða sem Mímir býður upp á. Hér fara á eftir nokkur athyglisverð dæmi af því. Af hverju ekki að skella sér á námskeið og stytta biðina eftir vorinu og góða veðrinu?

Vinamót – Boð og borðsiðir

Bergþór Pálsson söngvari er fyrirlesari. Farið verður í eitt og annað sem

gestur og gestgjafi þurfa að hafa í huga þegar veislur eru annars vegar. Kynningar, samræður, gjafir, veislustjórn, tækifærisræður og borðsiði svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðið verður haldið fimmtudaginn 13. mars frá kl. 20-21:55.

Peking – Þar sem keisarans hallir skína

Peking höfuðborg Kína, borgin þar sem keisarans hallir skína, er nú á fullu að undirbúa sig undir Ólympíuleikana sem verða haldnir þar í sumar. Á þessu tveggja kvölda námskeiði verður það helsta sem borgin hefur uppá að bjóða kynnt; s.s. sagan, menningin, fólkið, maturinn o.m.fl. í bland við sögu þess víðfeðma ríkis sem stjórnað er frá Peking. Námskeiðið hefst 5. mars.

Örþjóðir Evrópu

Á þessu námskeiði kynnumst við litríkra

flóru þjóða, þjóðabrota og minnihlutahópa í Evrópu. Meðal annars verður fjallað um menningu, sögu, heimkynni, trúarbrögð, tónlistarhefð og lifnaðarhætti þessara þjóða. Hverjar eru þær? Hvar búa þær? Hvaðan komu þær? Námskeiðið er fjögur kvöld og hefst 10. mars.

Myndaalbúmið í tölvunni

Farið verður yfir hvernig myndir eru færðar inn á tölvuna, vistaðar og gerðar möppur. Hvernig myndir eru sendar með tölvupósti. Einnig verður farið yfir hvernig hægt er að laga myndir á einfaldan hátt og setja inn nokkra „effekta“ til að vinna þær til. Notað verður forritið Picasa sem er frítt forrit á netinu. Námskeiðið er þrjú skipti og hefst 4. mars.

Skráning og upplýsingar er í síma 580-1808

Farið verður yfir hvernig myndir eru færðar inn á tölvuna, vistaðar og gerðar möppur. Hvernig myndir eru sendar með tölvupósti

Náms- og starfsráðgjöf

Viltu efla þig í námi og starfi?

Mímir-símenntun býður nú þriðja árið í röð í samvinnu við Eflingu upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir félagsmenn Eflingar. Ráðgjöfin getur farið fram á vinnustöðum í samvinnu við stofnanir og fyrirtæki, í húsnæði Eflingar í Sætúni eða húsnæði Mímis-símenntunar í Skeifunni 8.

Ráðgjöfin er fyrst og fremst ætluð fólki á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu og innflytjendum og er félagsmönnum Eflingar að kostnaðarlausu.

Hjá náms- og starfsráðgjafa er m.a. hægt að fá aðstoð við að:

- Skoða möguleika á námi
- Kanna áhugasvið sitt og færni
- Setja sér markmið og gera áætlun um nám eða starfsþróun
- Takast á við hindranir í námi
- Að kynnst og þjálfa sig í árangursríkum vinnubrögðum í námi og starfi

Ráðgjöf á vinnustöðum fer þannig fram að náms- og starfsráðgjafi kemur í heimsókn á vinnustaðinn og kynnir þá aðstoð og þjónustu sem er í boði. Síðan er þeim starfsmönnum sem þess óska boðið að skrá sig í einstaklingsvið-



tal sem fer fram nokkrum dögum síðar á vinnustað viðkomandi.

Þá geta félagsmenn einnig pantað viðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum í húsnæði Mímis í Skeifunni 8, 108 Reykjavík. Síðast en ekki síst stendur félagsmönnum til boða að skrá sig í viðtal hjá


náms- og starfsráðgjafa á skrifstofu Eflingar en ráðgjafi Mímis er þar til viðtals einu sinni í viku.

Nánari upplýsingar um náms- og starfsráðgjöfina má fá hjá ráðgjöfum Mímis í síma: 580-1817, 580-1818 eða 580-1820 eða www.mimir.is

Sprenging í aðsókn á starfslokanámskeið



Það er mjög gaman hve vel Eflingarfélagar eru að nýta sér þau námskeið sem boðið er upp á af félaginu fyrir þá sem eru að undirbúa starfslok sín á vinnumarkaði. Námskeiðið er kennt á tveimur kvöldum auk eins heils dags um helgi. Námskeiðið er mjög vel sett saman og er m.a. fjallað um tryggingamál, lífeyrisréttindi, áhrif starfsloka, heilsufar, öryggismál, húsnæðismál, félags- og tómstundastarf, erfðamál og félagið þitt eftir starfslok. Mikið af þessu efni auðveldar fólki starfslokin og gefur hagnýtar upplýsingar t.d. varðandi tryggingamál. Eitt námskeið var auglýst nú á vorönn og nú þegar er orðið fullt á það og biðlisti sem nægir til að fylla annað námskeið. Nú er verið að vinna í að finna tíma þannig að þeir sem eru á biðlistanum þurfi ekki að bíða of lengi eftir þessu góða og hagnýta námskeiði.



Lausnarorð:

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættin 1, 105 Reykjavík.


Svar þarf að berast fyrir 10. apríl 2008.



Hrefna Jónsdóttir heppin

Hrefna Jónsdóttir hafði heppnina með sér og hreppti vinning að upphæð 15.000.- kr. fyrir rétta lausn í síðustu krossgátu og óskar félagið henni innilega til hamingju. Rikharður Árnason, eigenmaður Hrefnu, fagnaði með henni þegar hún sótti vinninginn á skrifstofu Eflingar í Sættúni 1

Lausn síðustu krossgátu



LAUSNARORD:
BEINHIMNUBÓLGA



? Samþykkt

? Ekki samþykkt

Er þitt atkvæði dautt atkvæði?

Það hefur sýnt sig þegar atkvæðagreiðslur um samninga eiga sér stað að margir þeirra, sem eru fylgjandi samningum, sitja hjá og kjósa ekki. En þeir sem eru á móti eru gjarnan ákveðnari í að kjósa. Úrslit í þannig kosningu endurspeglar ekki vilja meirihluta félagsmanna. Félögin sem að samningunum standa, hvetja þig til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sýnum ábyrga afstöðu og kjósum!
Þitt atkvæði skiptir máli.





Reisupassi frá 1917

Vegabréfin á upphafsárum síðustu aldar

Það er ýmislegt mjög forvitnilegt sem rekur á fjörur Hjálmfríðar Þórðardóttur í skjölum Eflingar og eldri félaga. Eitt af því er reisupassi frá 1917 sem hér verður sagt frá.

Lögreglustjóraembættið gefur út vegabréf 20. janúar 1917 fyrir Magnús Vilhelm Jóhannesson sem fæddur er 8. júlí 1891 í Reykjavík. Magnús hafði lært skipasmíði hjá Slippnum í Reykjavík. Árið 1917 fer hann til Danmerkur og vann þar í sinni iðngrein í rúm tvö ár.

Að Danmerkurdvölinni lokinni kemur hann aftur heim til Reykjavíkur og var þar búsettur síðan.


Magnús var formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúar 1925 og 1926. Hann var kjörinn sem fulltrúi Alþýðuflokksins í Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur 1920 og sat í henni til 1928.

Til er í skjalasafni Eflingar kjörbréf hans frá 23. nóvember 1925. Þar er hann titlaður innheimtumaður og sér

um innheimtu gjalda fyrir bæjarfélagið. Fátækrafulltrúi varð hann á þriðja áratugnum og þar hefur starfsreynslan úr Niðurjöfnunarnefnd nýst vel.

Magnús var eldheitur bindindismaður og starfaði fyrir Góðtemplarahreyfinguna frá unga aldri.

Vegabréfið er á íslensku, dönsku og frönsku, ritað á stóra örk úr þykkum gulum skjalapappír. Skjalið hefur svo verið brotið í fernt og það kostaði eina krónu.



Þessi margborgar sig

Ekki láta hugmyndina um að eyða í sparnað týnast innan um allar hinar. Hún er svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði og því fyrr sem þú byrjar, því meira færðu út úr henni. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
- Byrjaðu að spara reglulega

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki biða lengur.



Landsbankinn



ENIGA MENIGA

– við erum að tala um peninga



Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu. Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavinum Byrs, viðskiptavinum annarra banka og fjárhagslega einkabjálfa Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.


BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is